



FISKISTOFA
Ársskýrsla 2014





Efnisyfirlit

1. Formáli fiskistofustjóra • 3
2. Upplýsingagjöf og samstarf • 4
3. Veiðileyfi og aflaheimildir • 6
4. Afli, kvótaívilnanir og aflaverðmæti • 11
5. Eftirlit • 15
6. Útflutningur • 19
7. Lax- og silungsveiði • 21
8. Fiskeldi • 23
9. Meðferð mála og úrskurðir • 24
10. Álagning og innheimta • 25
11. Starfsmannamál • 26
12. Upplýsingatækni • 28
13. Rekstraryfirlit • 30
14. Starfsmenn Fiskistofu 31. desember 2014 • 32

Fiskistofa er sjálfstæð stjórnarsýslustofnun sem heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og gegnir mikilvægu hlutverki við að stuðla að ábyrgri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna.

Hlutverk Fiskistofu er að annast framkvæmd laga og reglna um stjórn fiskveiða í sjó og fersku vatni. Stofnunin annast stjórnarsýslu og eftirlit ásamt söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga um sjávarútveg, lax- og silungsveiðar og hvalveiðar.

Fiskistofa febrúar 2015

Ljósmyndir: Sumarliði Óskarsson

Umbrot: Egill Baldursson ehf

1. Formáli fiskistofustjóra

Framan af árinu 2014 gekk starfsemi Fiskistofu vel, kraftur var í umbótastarfi sem unnið var á grundvelli CAF-aðferðafræðinnar, undirbúningur fyrir innleiðingu jafnlaunastaðals var í góðum farvegi og unnið að stefnumótun og endurskipulagningu stofnunarinnar til framtíðar út frá þeim forsendum sem þá lágu fyrir. Óhætt er að segja að áform stjórnvalda um að flytja höfuðstöðvar Fiskistofu til Akureyrar sem kynnt voru í lok júní hafi haft veruleg áhrif. Þau settu stefnumótun og skipulagningu í uppnám og sköpuðu óvissu sem hefti allt umbótastarf. Þrátt fyrir þá sérstöku stöðu sem Fiskistofa þurfti að búa við seinni helming árs 2014 gekk daglegur rekstur áfallalítið og miklu fékkst áorkað.

Á árinu var opnaður nýr enskur vefur stofnunarinnar þar sem hægt er að nálgast kjarnann úr þeim fjölpættu talnaupplýsingum um íslenskan sjávarútveg sem einkennir íslenska vef stofnunarinnar. Nýi enski vefurinn mætir þeirri eftirspurn og áhuga sem erlendir aðilar í sjávarútvegi, fiskveiðistjórnun og rannsóknnum sýna íslenskum sjávarútvegi og íslenskri fiskveiðistjórnun.

Á nýliðnu ári var hafin innleiðing á rafrænu kerfi fyrir skil á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum (VOR-skýrslum). Kaupendur afla geta nú skilað slíkum skýrslum með rafrænum hætti í gegnum netvafra í stað pappírsskýrslna. Kerfið er einfalt og notendavænt þar sem hluti upplýsinga er forskráður og mun þessi breyting hafa mikinn vinnusparnað í för með sér bæði fyrir notendur og Fiskistofu.

Notendaviðmót aflaskráningakerfisins GAFLS var endurskrifað og innleitt, en með því var viðmótið einfaldað og er nú komið í forritunarumhverfi sem einfaldar allt viðhald og þróun. Fiskistofa stóð einnig fyrir umbótum á afladagbókum, bæði rafrænum afladagbókum og pappírskókum. Þar voru meðal annars gerðar breytingar sem stuðla eiga að betri skilum á upplýsingum um sjófugla og spendýr í meðafli fiskiskipa.

Það er ekki að ástæðulausu sem Fiskistofa leggur áherslu á að fuglar og spendýr sem veiðast sem meðafli séu skráð í afladagbækur. Þeir sem votta íslenskar sjávarafurðir horfa meðal annars til þessara þátta þegar mat er lagt á ábyrgar og sjálfbærar veiðar Íslendinga. Kröfur á alþjóðavettvangi eru m.a. þær að áhrif veiða á lífríki og umhverfi séu vel þekkt, þar á meðal áhrif veiða á fugla og spendýr. Þarna þurfa íslenskir sjómenn og útgerðarmenn að gæta vel að því að gera skráningu þessa meðafli trausta og áreiðanlega. Meðafli fugla og spendýra sem lengi vel þótti ekki skipta miklu máli fær nú verulega athygli og vottun íslenskra sjávarafurða gæti verið í uppnámi ef

skráning á slíkum meðafli er ekki í lagi. Að auki beina aðilar sem áhuga hafa á hvalveiðimálum sjónum sínum að slíkri skráningu og áreiðanleika hennar.

Fiskistofa hefur á undanförunum árum tekið mjög virkan þátt í samstarfi hér á landi sem snýr að umhverfisvottun íslenskra sjávarafurða. Hefur þetta verkefni vaxið jafnt og þétt og augljóst er að áhersla á vottun hlýtur að fara vaxandi. Traust eftirlit með fiskveiðum og trúverðug fiskveiðistjórnun er ein af grunnstöðum slíkrar vottunar og þar leikur Fiskistofa lykilhlutverk.

Síðastliðið sumar stóð Fiskistofa fyrir mælingum á dauðatíma hvala við hvalveiðar. Til verksins var fenginn norskur dýralæknir sem býr yfir mikilli reynslu á því sviði. Vel gekk að afla gagna við veiðar á langreyði en af ýmsum ástæðum, ekki síst vegna erfiðra veðurskilyrða, gengu mælingar vegna hrefnuveiða ver. Af þeim sökum tókst ekki að safna nægilegum gögnum um dauðatíma við hrefnuveiðar. Fiskistofa stefnir að því að gera aðra atlögu að slíkum mælingum á komandi sumri.

Í lok árs 2013 tóku stjórnvöld þá ákvörðun að flytja stjórnýslu og eftirlit fiskeldis frá Fiskistofu til Matvæla- stofnunar samhliða breytingum á lögum um fiskeldi. Var því fiskeldisdeild Fiskistofu á Ísafirði lögð niður á síðasta ári. Unnið er að því að finna starfsstöðinni á Ísafirði ný verkefni sem tryggja geta stöðugleika í starfsemi þar. Bakreikningsdeild sem starfrækt var í Vestmannaeyjum var lögð niður í upphafi árs 2014 þar sem sýnt þótti að sú aðferðafræði sem starfsemi byggði á skilaði ekki árangri. Nú er að því stefnt að byggja upp í Eyjum starfsemi tengda rafrænu eftirliti og áhættumati við hlið þess veiðieftirlits sem þar er. Mikilvægt er að tryggja eftir föngum stöðugleika í starfsemi allra starfsstöðva. Það þarf að vanda val á verkefnum sem staðsett verða utan höfuðstöðva svo þau nái að festa sig í sessi og blómstra í dreifðri starfsemi Fiskistofu.

Í ölduróti þeirrar óvissu sem Fiskistofa hefur búið við seinni helming ársins 2014 hefur samt sem áður tekist að halda uppi góðu og faglegu starfi á stofnuninni og þjónusta stofnunarinnar hefur ekki beðið hnekkji. Það er fyrst og fremst að þakka því góða fólki sem vinnur á Fiskistofu sem þrátt fyrir mótlæti og óvissu hefur unnið störf sín af dugnaði, heilindum og fagmennsku líkt og endranær. Gildi Fiskistofu, traust, framsækni og virðing, eru og verða leiðarljós okkar.

Hafnarfirði, febrúar 2015

Eyþór Björnsson, fiskistofustjóri

2. Upplýsingagjöf og samstarf

Upplýsingagjöf

Fiskistofa safnar gögnum um veiðar og vinnslu afla, og skráir upplýsingar um aflaheimildir og stöðu þeirra. Stofnunin tekur saman margvíslegar upplýsingar úr þessum gögnum og birtir þær meðal annars á vef Fiskistofu. Nefna má reglulega birtingu á aflatölum yfirstandandi fiskveiðiárs og ársyfirlit sem gefið er út í október og hefur að geyma samanteknar upplýsingar um undangengið fiskveiðiár. Leitast er við að hafa heimasíðu Fiskistofu þannig að hægt sé að nálgast algengustu upplýsingar á sem aðgengilegastan hátt og lögð er áhersla á að fjölga gagnvirkum síðum þar sem notendur geta sótt upplýsingar eftir eigin höfði úr gagnagrunnum.

Á árinu var opnaður nýr enskur vefur stofnunarinnar þar sem hægt er að nálgast kjarnan úr þeim fjölþættu talnaupplýsingum um íslenskan sjávarútveg sem einkennir íslenska vef stofnunarinnar. Nýi enski vefurinn mætir þeirri eftirspurn og áhuga sem erlendir aðilar í sjávarútvegi, fiskveiðistjórnun og rannsóknum sýna íslenskum sjávarútvegi og íslenskri fiskveiðistjórnun.


Upplýsingar eru einnig sérunnar eftir beiðni eins og tók eru á. Fiskistofa birtir á vef sínum allar slíkar upplýsingar. Á árinu var svarað 462 fyrirspurnum en þær voru 492 árið 2013. Á myndinni má sjá skiptingu fyrirspurna eftir fyrirspyrjendum. Fiskistofa svarar öllum fyrirspurnum sem berast stofnuninni og heimilt er að svara samkvæmt upplýsinga- og persónuverndarlögum.

Innlent samstarf

Fiskistofa leggur áherslu á samstarf við aðrar stofnanir. Stuðlar það bæði að aukinni skilvirkni og hagræði í ríkisrekstri með það að markmiði að bæta bæði upplýsingagjöf og þjónustu ásamt því að auðvelda samskipti við almenning og hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Þannig átti Fiskistofa samstarf við Þjóðskrá um uppbyggingu auðkenningar fyrir umboðsmenn fyrirtækja sem í fyrstu verður einkum notað við skil á skýrslum um kaup og ráðstöfun á afla. Þá var fundað með sérfræðingum Mátis um samnýtingu upplýsinga um hlutfall íss í kerjum við löndun afla m.t.t. gæðakrafna og útreiknings á aflamagni. Ennfremur má nefna samstarf við Íslandsstofu um kynningu á fiskveiðistjórnun og fiskveiðar fyrir þýska söluaðila á íslenskum sjávarafurðum. Þá var höfð samvinna við íslensk tollayfirvöld um yfirferð á málum er tengjast misfellum í útflutningi á sjávarafurðum og var þá fundað með fulltrúum European Anti-Fraud Office og breskra tollayfirvalda sem komu til landsins vegna mála sem þessir aðilar rannsaka.

Fulltrúar frá Fiskistofu sitja í fjölmörgum samstarfshópum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Frá árinu 2014 ber helst að nefna störf í nefndum ráðuneytisins sem fjölluðu um makrílveiðar og vinnslu Íslendinga, vigtarmál og nefndum sem fjölluðu um einstaka þætti í breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu, t.d. veiðigjöld.

Fjöldi fyrirspurna eftir uppruna




Starfsmenn Fiskistofu tóku á árinu þátt í kennslu í forni gestafyrirlestra og með því að taka á móti hópum hjá Fisktækniskóla Íslands, Háskóla Íslands og Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Nokkuð er um að erlendir og innlendir háskólanemar sem vinna að stórum námsverkefnum tengdum sjávarútvegi sæki upplýsingar og ráð til Fiskistofu. Einnig leggur Fiskistofa til kennara á löggildingarnámskeið fyrir vigtarmenn. Þá tekur Fiskistofa reglulega á móti gestum frá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum og kynnir fyrir þeim starfseminum og fiskveiðistjórnun. Á árinu aðstoðaði Fiskistofa íslensk vottunarfyrirtæki við alþjóðlega vottun á veiðum á ýmsum fiskstofnum við Ísland.

Samstarf á alþjóðavettvangi

Fiskistofa á fulltrúa í ýmsum samstarfsnefndum á vegum fjölþjóðlegra fiskveiðieftirlitsstofnana. Ferðadagar starfsmanna erlendis á vegum Fiskistofu 2014 voru 77 talsins en gistinætur voru 59. Þetta er um 18% samdráttur frá fyrra ári. M.a. var farið á fundi hjá eftir-

farandi alþjóðastofnunum: Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndinni (NEAFC), Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðinefndinni (NAFO) og Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðinu (NAMMCO). Þá tóku fulltrúar Fiskistofu þátt í fundum sem vörðuðu fiskveiðieftirlit á alþjóðlegum hafsvæðum, einkum eftirlit með veiðum á makríl. Enn fremur var fundað með fulltrúum fiskveiðiþjóða um framþróun fjareftirlits- og tilkynningakerfis fiskiskipa á norðanverðu Atlantshafi.

Fiskistofa stóð fyrir fjölda kynninga á starfsemi sinni og íslenskrí fiskveiðistjórnun fyrir erlenda aðila sem heim sóttu landið. Í þessu skyni var tekið var á móti sendiherra Írans á Íslandi og sendinefndum frá Noregi, Malasíu og Kína. Þá tók fulltrúi Fiskistofu þátt í kynningu á íslenskrí fiskveiðistjórnun fyrir sjávarútvegsráðherra Noregs og fylgdarlið hans. Fulltrúi Fiskistofu flutti erindi á alþjóðlegri ráðstefnu um samvinnu og átök í fiskveiðistjórnun sem haldin var í tengslum við Íslensku sjávarútvegssýninguna sl. haust. Svarað var fjölmörgum fyrirspurnum erlendra blaðamanna og þeim veitt viðtöl.



3. Veidileyfi og aflaheimildir

3.1 Veidileyfi

Í lögum um stjórn fiskveiða er kveðið á um að skip þurfi almennt veidileyfi eigi því að vera heimilt að stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland. Almenn veidileyfi eru tvenns konar, veidileyfi með aflamarki og veidileyfi með krókaafلامarki. Auk almenns veidileyfis eru gefin út sérveidileyfi á skip fyrir tiltekna veiðar sem óheimilt er að stunda nema með sérleyfi. Á þetta t.d. við um veiðar á deilistofnum, veiðar með dragnót og veiðar á grásleppu. Þá er í örfáum tilvikum veiðar háðar sérstöku leyfi Fiskistofu án þess að skilyrt sé að skip hafi almennt veidileyfi. Þetta á t.d. við um frístundaveidileyfi, veiðar á tegundum sem einungis veiðast utan íslenskrar lögsögu og strandveiðar.

Tafla 3.1 sýnir fjölda almennra leyfa til veiða í atvinnuskyni. Þar má sjá að lítillega hefur fækkað leyfum til veiða með aflamarki á sama tíma og leyfum til veiða í krókaafلامarki hefur fjölgað. Nokkur aflamarksleyfi voru felld niður þar sem skip hafði ekki stundað veiðar

undanfarandi 12 mánuði auk þess sem 45 skip voru flutt úr aflamarkskerfinu yfir í krókaafلامarkskerfið. Þá er nokkuð um að bátar sem eingöngu hafa haft leyfi til strandveiða hafi á árinu einnig fengið almennt leyfi til veiða í krókaafلامarki. Heildarfjöldi leyfa er því nokkru meiri nú en á fyrra ári og hefur þeim farið fjölgandi á undanförunum árum. Nú eru almennu veidileyfin samtals 1.327 en fiskveiðiárið 2009/2010 voru þau 1.162.

Heildarfjöldi sérveidileyfa kemur fram í töflu 3.2. Þar má sjá að grásleppuveidileyfum heldur áfram að fækka en þeim hefur fækkað jafnt og þétt undanfarin þrjú ár. Árið 2011 voru gefin út 369 grásleppuveidileyfi en einungis 224 árið 2014. Líkt og áður má leiða líkur að því að fækkun leyfa sé afleiðing af markaðsaðstæðum. Enn fækkar útgefnum leyfum til strandveiða sem gefur vísbendingu um að í einhverjum tilvikum hafi væntingar manna til veiðanna ekki staðist. Þá var norsk-íslenska síldin ekki sótt í norska lögsögu þriðja árið í röð en þó voru gefin út 5 leyfi til veiðanna. Á fiskveiðiárinu

3.1 Fjöldi almennra veidileyfa

Fiskveiðiár:	2009/2010	2010/2011	2011/2012	2012/2013	2013/2014
Aflamarksskip	461	462	490	486	459
Krókaafلامarksbátar	701	731	763	806	868
Alls fjöldi leyfi til veiða í atvinnuskyni:	1.162	1.193	1.253	1.292	1.327

3.2 Tegundir og fjöldi sérveidileyfa

Fiskveiðiár:	2009/2010	2010/2011	2011/2012	2012/2013	2013/2014
Grásleppuveidileyfi	350	369	339	286	224
Rauðmagaveidileyfi krókabáta	5	10	10	9	10
Dragnótaveidileyfi	84	73	67	62	57
Innfjarðarækjuveidileyfi	4	4	13	22	18
Hörpudiskveidileyfi					
Ígulkeraveidileyfi	4	1	3	2	3
Strandveidileyfi	747	690	762	679	650
Frístundaveidileyfi án aflaheimilda	11	7	5	2	3
Frístundaveidileyfi með aflaheimildum	48	49	49	48	45
Leyfi til sæbjúgnaveiða	9	12	7	6	9
Síldveiðar með vörpu	1	5	47	27	24
Úthafskarfaveidileyfi á Reykjanes hrygg	15	16	14	13	10
Úthafskarfaveidileyfi í Barentshafi	1	1	2	2	
Rækjuveiðar í Barentshafi		1	3	2	1
Veiðar á djúpsjávartegundum á veiðsvæði NEAFC				2	1
Rækjuveidileyfi á Flæmingjagrunni	1	1	1	1	
Leyfi til veiða úr norsk-ísl. síldarstofninum	25	21	24	21	18
Leyfi til veiða á norsk-ísl. síld í norskrri lögsögu	7	15	16	11	5
Gullaxveidileyfi	36	39	37	29	20
Kolmunnaveidileyfi	14	1	15	15	20
Síldar- og makrílveiðar í færeyskri lögsögu	1	2			
Makrílveiðar	107	144	157	267	267
Þorskveiðar í norskrri lögsögu	6	10	9	9	10
Þorskveiðar í rússneskri lögsögu	6	8	8	9	7
Túnfiskveidileyfi með línu		1	1	1	1
Túnfiskveidileyfi með sjóstöng				3	3
Fjöldi sérveidileyfa	1.482	1.480	1.589	1.528	1.406

3.3 Fjöldi veiðileyfa erlendra skipa í íslenskri lögsögu

Tegund veiðileyfis	2010	2011	2012	2013	2014
Kolmunnaveiðileyfi	10	8	9	13	11
Loðnuveiðileyfi	85	86	87	82	81
Úthafskarfaveiðileyfi	1				
Línu- og handfæraveiðileyfi	31	35	26	26	23
Leyfi til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum	12	11	13	14	11
Samtals veiðileyfi erlendra skipa	139	140	135	135	126

2012/2013 fjölgaði útgefnum makrílveiðileyfum verulega þar sem sótt var um leyfi fyrir mikinn fjölda línu- og handfærabáta. Heildarfjöldi makrílveiðileyfa er nú hinn sami og á fyrra ári og virðist ákveðið jafnvægi vera komið á.

Á grundvelli samninga sem íslensk stjórnvöld gera við önnur ríki um gagnkvæmar heimildir til veiða eru gefin út veiðileyfi til erlendra fiskiskipa til veiða í íslenskri lögsögu. Í töflu 3.3 má sjá fjölda leyfa sem gefin hafa verið út til erlendra skipa á árunum 2010 til 2014.

Fjöldi veiðileyfa til erlendra skipa hefur verið nokkuð svipaður undanfarin ár. Sjá má að leyfum til línu- og handfæraveiða hefur fækkað frá árinu 2011. Það má rekja til banns við lúðuveiðum. Þá hafa hvorki verið gefin út leyfi til úthafskarfaveiða né karfaveiða.

3.2 Aflaheimildir

Veiðar voru takmarkaðar á þremur tegundum sem ekki höfðu áður verið bundnar við kvóta, þær eru blálanga, gullfax og litli karfi. Skipum var úthlutað aflahlutdeild í þessum tegundum á grundvelli veiðireynslu á tímabilinu 16. ágúst 2010 til 15. ágúst 2013.

Ráðherra sjávarútvegsmála ákveður ár hvert leyfilegan heildarafla kvótabundinna tegunda. Á grundvelli þeirrar ákvörðunar úthlutar Fiskistofa aflamarki til einstakra skipa í samræmi við aflahlutdeild skips. Áður en til úthlutunar kemur er ákveðið hlutfall dregið af leyfilegum heildarafla hverrar kvótabundinnar tegundar. Hlutfallið var 4,8% fyrir fiskveiðiárið 2013/2014 en það var 2,8% á fyrra fiskveiðiári. Líkt og áður gátu eigendur skipa fengið þann hluta til baka sem ella hefði komið í



3.4 Viðbótarúthlutanir skv. lögum nr. 116/2006

Fiskveiðiár:	2009/2010	2010/2011	2011/2012	2012/2013	2013/2014
Rannsóknafli skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 116/2006	857	1.205	1.458	1.285	1.359
Byggðakvóti skv. 2. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006	3.174	5.254	5.352	6.992	6.470
Rækjubætur skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006	982	1.050	1.038	698	664
Skelbætur skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006	983	983	972	983	1.185
Þorskeldi skv. bráðabirgðaákvæði nr. I við lög nr. 116/2006	435	289	235	196	110
Frístundakvóti skv. bráðab. ákvæði IX við lög nr. 116/2006	168	128	164	141	254
Skötuselur skv. bráðab. ákvæði VIII við lög nr. 116/2006		1183	2.154	986	
Sumargotssíld skv. bráðab. ákvæði VIII við lög nr. 116/2006			32	181	181
Samtals:	7.782	11.063	10.237	10.476	10.223

Magn í þorskígildistönum

Þeirra hlut í skiptum fyrir aflamark í þroski, ýsu, ufsa eða steinbít. Þeim aflaheimildum sem eftir standa í þroski, ýsu, ufsa eða steinbít er ráðstafað til sérstakra úthlutana, s.s. byggðakvóta og skel- og rækjubóta. Aðrar tegundir, eða það sem umfram er, er boðið útgerðum í skiptum fyrir þorsk, ýsu, ufsa og steinbít. Skiptin fara fram á sk. skiptimarkaði Fiskistofu sem almennt er haldinn í upphafi hvers mánaðar.

Auk úthlutunar aflamarks annast Fiskistofa úthlutun á ýmsum viðbótarafplaheimildum, s.s. byggðakvóta, sérstökum heimildum til frístundafiskiskipa og skel- og rækjubótum eins og sjá má í töflu 3.4.

Aflamark

Á heimasíðu Fiskistofu má sjá upplýsingar um heildar-aflamark hvers fiskveiðiárs frá fiskveiðiárinu 2000/2001. Þorskafla til aflamarks á Íslandsmiðum fiskveiðiárið 2013/2014 var rúmlega 176 þúsund tonn en aflamarkið

nam samtals tæplega 176 þúsund tonnum. Um það bil 31 tonn voru nýtt til tegundatilfærslu og voru 575 tonn flutt til næsta fiskveiðiárs.

Flutningur aflaheimilda

Nokkuð er um að aflaheimildir, aflamark og aflahlutdeildir séu fluttar á milli skipa. Flutningur fer annars vegar þannig fram að eigendum skipa er heimilt að flytja aflamark milli eigin skipa með rafrænum hætti, hafi þeir fengið til þess sérstaka heimild. Hins vegar annast Fiskistofa flutning aflamarks milli skipa óskyldra aðila og fyrir þær útgerðir sem ekki hafa aflað sér heimildar til að flytja aflamark milli eigin skipa rafrænt. Fiskistofa annast ávallt flutning aflahlutdeilda og hefur tilkynningum um flutning þeirra fjölgað þó nokkuð milli ára. Þetta má sjá í töflu 3.5 sem sýnir fjölda tilkynninga um flutning aflahlutdeilda og aflamarks. Í töflunni má sjá upplýsingar um heildarfjölda millifærslna á aflamarki milli skipa, fjölda rafrænna millifærslna milli eigin skipa



3.5 Fjöldi tilkynninga um flutning aflaheimilda

Fiskveiðiár:	2009/2010	2010/2011	2011/2012	2012/2013	2013/2014
Aflahlutdeildir	229	196	196	186	268
Aflamark	9.931	8.205	9.516	9.701	10.081
þar af flutt rafrænt	2.465	1.943	2.482	2.411	2.566
þar af flutt vegna skerðinga			347	255	180
				45	
Tilkynningar alls:	10.160	8.401	9.712	9.887	10.349

úngerðar og flutning aflamarks þar sem eigendur sækja til baka þau 4,8% sem haldið var frá við úthlutun. Enn fremur sýnir taflan fjölda millifærslna þar sem aflamark var flutt úr krókaaflamarkskerfinu yfir í aflamarkskerfið í jöfnum skiptum.

Í töflu 3.6 eru upplýsingar um flutning aflahlutdeilda milli fiskiskipa sl. fimm fiskveiðiár. Vakin er athygli á að þetta eru sk. veltutölur sem þýðir að sömu aflahlut-

deildir eru taldar í hvert skipti sem þær eru fluttar enda þótt þær séu fluttar milli skipa oftar en einu sinni. Þarna má sjá að umtalsverð aukning hefur orðið á flutningi aflahlutdeilda í flestum tegundum eftir verulegan samdrátt sem stóð um nokkurra ára bil.

Þá koma fram í töflu 3.7 sundurliðaðar upplýsingar um flutning aflamarks á fiskveiðiarinu 2013/2014.

3.6 Flutningur hlutdeilda milli skipa

Fisktegund:	2008/2009	2009/2010	2010/2011	2011/2012	2012/2013
Þorskur	11,2%	11,2%	11,1%	8,5%	13,9%
Ýsa	14,9%	13,9%	12,0%	8,6%	18,1%
Ufsi	20,0%	17,3%	9,8%	6,7%	16,8%
Gullkarfi	10,6%	15,9%	8,9%	5,0%	14,8%
Djúpkarfi		16,0%	9,2%	4,3%	14,6%
Litli karfi					10,2%
Langa	17,3%	34,8%	10,0%	5,7%	7,9%
Blálanga					10,9%
Keila	11,6%	78,7%	6,4%	2,1%	3,9%
Steinbitur	9,4%	28,3%	23,1%	8,4%	18,6%
Skötuselur	24,1%	14,3%	3,3%	8,1%	7,6%
Gulllax					18,6%
Grálúða	23,7%	5,7%	3,9%	6,1%	12,1%
Skarkoli	12,5%	17,6%	10,4%	5,2%	10,6%
Þykkvalúra	9,2%	12,2%	13,3%	2,5%	10,9%
Langlúra	7,4%	4,7%	1,6%	12,1%	5,9%
Sandkoli	15,2%	7,1%	0,9%	0,4%	13,2%
Skrápflúra	11,8%	8,1%	1,4%	0,5%	8,1%
Síld	29,6%	0,0%	9,7%	3,3%	27,5%
Loðna	10,5%	27,2%	11,1%	7,4%	21,0%
Humar	27,2%	11,2%	0,0%	3,6%	5,1%
Úhafsækja	6,6%				
Arnarfjarðarrækja	16,7%	0,0%	16,7%	0,0%	0,0%
Húnaflóarrækja	7,5%	11,9%	25,0%	4,4%	43,0%
Rækja í Ísafjarðardjúpi	59,1%	7,1%	118,1%	0,0%	33,9%
Skagafjarðarrækja	0,0%	50,0%	50,0%	25,0%	50,0%
Öxarfjarðarrækja	50,0%	50,0%	50,0%	50,0%	0,0%
Skjálfandarækja	0,0%	33,3%	33,3%	66,7%	0,0%
Eldeyjarrækja	0,0%	7,7%	0,0%	0,0%	15,4%
Arnarfjarðarskel	20,0%	0,0%	30,0%	0,0%	0,0%
Breiðafjarðarskel	0,0%	12,9%	34,0%	0,0%	0,0%
Húnaflóaskel	0,0%	18,8%	62,5%	18,8%	25,0%
Skel í Ísafjarðardjúpi	50,0%	0,0%	50,0%	0,0%	25,0%
Úthafskarfi	15,9%	0,0%	4,3%	14,0%	14,1%
Kolmunn	14,5%	0,0%	13,1%	16,7%	21,3%
Norsk-íslensk síld	19,6%	0,0%	18,1%	14,2%	29,4%
Flæmingjarækja	12,8%	4,6%	4,3%	8,5%	2,0%
Þorskur – norsk lögsaga	4,4%	8,4%	1,2%	22,0%	18,5%
Þorskur – rússnesk lögsaga	4,4%	8,4%	1,2%	22,0%	18,5%
Þorskur – rússnesk lögsaga	0,0%	4,4%	8,4%	1,2%	22,0%

Hlutfall af heildaraflahlutdeild. Um veltutölur er að ræða.

3.7 Heildarflutningur aflamarks milli fiskiskipa

Fisktegund:	Aflamarks-skipti 2013/2014	Millifært			2013/2014 Samtals	Fiskveiðiárið 2012/2013 Samtals	Fiskveiðiárið 2011/2012 Samtals
		Milli skipa í eigu sama aðila	Milli skipa í eigu mismunandi aðila	Jöfn skipti milli aflamarks og krókakerfis			
Porskur	-2.976	38.184	42.010		80.194	61.501	55.698
Ýsa	-2.132	10.404	11.342	772	22.518	17.447	25.490
Ufsi	844	20.961	14.312	1.082	36.355	28.600	32.562
Gullkarfi	1.552	14.573	7.933		22.506	20.486	18.774
Djúpkarfi	323	4.757	2.222		6.979	5.630	8.300
Litli karfi	72	536	14		550		
Langa	406	3.251	3.636		6.887	4.735	4.894
Blálanga	92	801	481		1.282		
Keila	118	1.550	1.211		2.761	1.783	2.571
Steinbítur	-674	2.455	3.406		5.861	7.122	9.400
Skötuselur	56	298	853		1.151	1.315	2.401
Gulllax	384	2.525	482		3.007		
Grálúða	549	3.662	1.807		5.469	5.364	6.050
Skarkoli	278	1.831	2.728		4.559	4.776	5.316
Þykkvalúra	64	481	602		1.083	884	1.459
Langlúra	47	790	534		1.324	758	1.067
Sandkoli	21	272	290		562	758	812
Skrápflúra	0	116	115		231	106	165
Humar	3	74	139		213	310	220
Innfjarðarrækja	62	424	360		784	462	629
Úthafsækja							
Síld	2.382	23.697	9.576		33.273	22.399	14.490
Loðna	5.969	29.612	10.152		39.764	98.702	148.251
Úthafskarfi	298	3.599	702		4.301	2.229	3.981
Kolmunní	9.347	59.868	8.940		68.808	24.439	17.611
Norsk-íslensk síld	2.915	31.365	4.641		36.006	22.457	52.878
Flæmingjarækja	0	1	0		1	95	
Norskur þorskur	369	3.159	2.492		5.651	4.814	3.423
Rússneskur þorskur	231	2.999	3.171		6.170	4.043	2.076

Ofangreindar tölur miðast við lestir og slægðan fisk þar sem það á við. Um veltutölur er að ræða.




4. Afli, kvótaívilnanir og aflaverðmæti

Fiskistofa á samstarf við löndunarhafnir um vigtun og skráningu landaðs afla. Niðurstöður vigtunar á afla eru skráðar í aflaskráningarkerfið GAFL (Gagnagrunn Fiskistofu og löndunarhafna). Þetta gera starfsmenn löndunarhafna og eru upplýsingarnar sendar jafnóðum á rafrænu formi í gagnagrunn Fiskistofu. Í GAFL-inum hefur Fiskistofa ávallt nýjustu fánlegar upplýsingar um afla og getur fylgst náið með aflaheimildum einstakra skipa. Starfsmenn Fiskistofu, bæði á skrifstofu

og eftirlitsmenn, eru í daglegum samskiptum við hafnarstarfsmenn vegna vigtunar og skráningar á afla.

Á fiskveiðiárinu 2013/2014 voru 61.584 landanir skráðar í aflaskráningarkerfið. Þetta er fækkun um 761 löndun frá fyrra ári eða um 1,2%. Eins og svo oft áður voru flestar landanir í Sandgerði (4.306) en því næst komu Grindavík (2.902), Skagaströnd (1.788) og Stykkishólmur (1.488). (Sjá 4.1)

4.1 Fjöldi landana eftir helstu löndunarhöfnum fiskveiðiárin 2010/11 til 2012/13



4.2 Afli í botnfisktegundum (tonn upp úr sjó)

Fisktegund	Heildarmagn	VS-afli	2013/2014			
			Línuviltun	Undirmál	Strandveiðar	Útflutningsálag
Porskur	243.443	1.180.759	3.387.619	1.491.552	7.755	
Ýsa	41.819	940.855	1.606.927	181.281	34	
Ufsi	54.658	29.201		3.133	784	
Karfi / Gullkarfi	52.375	78.466		79.337	108	
Langa	11.802	34.996			8	
Keila	4.852	37.158			6	
Steinbítur	7.539	58.331	512.952		13	
Skötuselur	1.402	2.357				
Grálúða	11.980	10.388				
Skarkoli	6.038	5.643				
Þykkvalúra / Sólkoli	1.427	41				
Langlúra	1.168	95				
Sandkoli	593	640				
Skráþflúra	169	36				
Djúpkarfi	9.754	523				
Samtals	449.019	2.379.489	5.507.498	1.755.303	8.708	

Fisktegund	Heildarmagn	VS-afli	2012/2013			
			Línuviltun	Undirmál	Strandveiðar	Útflutningsálag
Porskur	225.751	1.351	3.384	1.620	7	-105
Ýsa	42.809	908	1.707	235	0	-108
Ufsi	51.619	38		41	1	-6
Karfi / Gullkarfi	46.401	125		66	0	-69
Langa	11.129	136			0	-12
Keila	5.557	27			0	-0,2
Steinbítur	8.959	84	674		0	-13
Skötuselur	1.906	10				-4
Grálúða	14.244	6				-3
Skarkoli	5.939	10				-21
Þykkvalúra / Sólkoli	1.464	0,149				-8
Langlúra	1.183	1				-0,9
Sandkoli	772	9				
Skráþflúra	177					
Djúpkarfi	10.399	0,009				-27
Samtals	428.310	2.708	5.765	1.962	9	-377



4.2 Afli og kvótaívilnanir

Heildarafla íslenskra skipa í botnfiski til aflamarks má sjá í töflu 4.2. Ef borinn er saman heildarafla og afli sem reiknaður er til aflamarks er nokkur munur þar á. Helsta skýringin á því er afli sem er undanþeginn aflamarki vegna sérreglna sem um hann gilda, s.s. reglur er varða línuafila, afila sem rennur til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins (VS-afila), undirmálaafila og afila í strandveiðum.

Línuívilnun náði á síðasta fiskveiðiári eins og undanfarin ár til þorsks, ýsu og steinbíts. Á síðasta fiskveiðiári mátti veiða 3.375 tonn af þorski, 2.100 tonn af ýsu og 900 tonn af steinbít miðað við slægðan fisk umfram aflamark á sérstaklega beitta línu og var þeim heimildum skipt á fjögur veiðitímabil. Eins og sjá má á töflu 4.2 fullnýttu íslensk fiskiskip ekki heimildir sínar í línuívilnun í ýsu og steinbít en fóru rúmlega 13 tonnum fram yfir í þorski. Á síðasta fiskveiðiári lönduðu íslensk fiskiskip töluvert minna af VS-afila en á fyrra ári, en hluti af andvirði þess afila greiðist í Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Minna var landað sem undirmálaafila af þorski en á fiskveiðiárinu 2012/13, samdrátturinn nam 8% á undirmálaafila í þorski.

Strandveiðar fóru fram í sjötta sinn á síðasta fiskveiðiári og sem fyrr taldist afli í því kerfi ekki til aflamarks. Heildarþorskafla strandveiðibáta á síðasta ári jókst um 5% frá fyrra ári.

Á hverju ári veiða íslensk skip fjölda tegunda sem ekki eru bundnar aflamarki. Undanfarin fiskveiðiár hefur gulllax verið sú tegund sem mest var veidd. Hún var kvótasett ásamt blálöngu og litla karfa þann 1. september 2013. Af ókvótabundnum tegundum veiddist mest af grásleppu eða 3.889 tonn á fiskveiðiárinu. Næst kemur hlýri, 2.241 tonn, og tindaskata, 1.535 tonn. Sjá má afila úr helstu ókvótabundnu tegundum í töflu 4.3.

4.3 Afli í ókvótabundnum tegundum fiskveiðiárin 2011/12 til 2013/14

Fisktegund	2011/12	2012/13	2013/14
Lýsa	1.601	1.060	1.027
Blálanga	4.242	2.999	1.655
Tindaskata	1.726	1.814	1.535
Hlýri	1.907	2.041	2.241
Skata	138	153	155
Háfur	50	14	11
Gulllax / Stóri gulllax	8.410	11.039	7.243
Lúða	186	38	49
Stórkjafa / Öfugkjafa	429	380	369
Beitukóngur	439	269	
Litli karfi	1.219	605	666
Náskata	24	27	23
Gulldepla / Norræna gulldepla	102	10	18
Stinglax	153	400	429
Ígulker	152	129	148
Sæbjúga	1.746	1.400	970
Grásleppa	4.160	4.000	3.889
Samtals	26.685	26.377	20.42

4.3 Aflaverðmæti

Upplýsingar um aflaverðmæti og ráðstöfun afila eru fengnar úr vigrar- og ráðstöfunarskýrslum sem kaupendur sjávarafla skila til Fiskistofu. Aflaverðmæti þorsks á síðasta fiskveiðiári nam rúmum 53 milljörðum króna sem er aukning um 5,3 milljarða frá fyrra fiskveiðiári eða 11%. Verðmæti ýsuafilans jókst um 670 milljónir króna eða um 5,7%. Aflaverðmæti makrils jókst einnig umtalsvert eða um rétt tæpan milljarð eða 7%. Aflaverðmæti dróst saman í nokkrum af helstu tegundum, meðal annars í úthafskarfa, steinbít, síld og loðnu, en jókst í ufsa, löngu, gullkarfa og humri. Aflaverðmæti helstu nytjastofna eins og þeir eru taldir upp í töflu 4.4 lækkaði um 14,3 milljarða milli fiskveiðarára eða um 9,6%.

4.4 Aflaverðmæti helstu nytjastofna – 3 fiskveiðiár

Fisktegund	2011/12	2012/13	2013/14
Þorskur	51.485.205.994	48.069.109.767	53.376.777.228
Ýsa	12.995.824.103	11.122.665.537	11.753.606.452
Ufsi	9.650.526.159	9.065.298.573	9.371.297.156
Gullkarfi	11.536.211.813	10.854.326.182	11.298.911.345
Langa	1.551.857.007	1.703.664.567	1.821.315.359
Steinbítur	2.606.068.693	2.019.180.379	1.624.228.131
Úthafskarfi	1.975.588.644	2.160.954.260	602.662.131
Skötuselur	1.535.314.286	955.014.688	760.508.930
Gulllax	1.191.561.429	1.279.788.367	957.151.194
Grálúða	9.736.599.515	8.652.073.136	7.248.582.183
Skarkoli	1.224.094.240	1.058.981.109	1.144.831.774
Síld	13.861.993.402	14.383.327.468	9.999.910.392
Loðna	13.359.614.676	16.124.527.168	3.362.166.410
Makrill	16.777.271.161	14.278.142.709	15.266.783.266
Humar	1.093.745.832	935.111.109	1.034.577.639
Rækja	2.926.393.686	3.434.372.015	2.662.483.149
Djúpkarfi	4.058.139.516	2.943.120.789	2.457.151.037
Samtals	157.566.010.156	149.039.657.824	134.742.943.775


4.5 Helsta ráðstöfun afla eftir fisktegundum.

Fisktegund	Landfrysting	Sjófrysting	Ísað í flug	2013/2014		Hersla	Bræðsla	Óunnið í gám	Innanlands- neysla
				Söltun					
Porskur	99.432.218	35.894.801	43.052.691	50.713.672	278.264	99.843	5.481.303	4.701.859	
Ýsa	17.389.250	7.476.971	9.546.318	62.643	36.159	5.409	4.084.949	2.142.345	
Ufsi	23.965.168	24.434.234	2.246.261	3.020.065	185.827	459.918	241.274	9.163	
Skötuselur	106.186	4.822	345.416			10	490.096	26.785	
Skarkoli	2.495.873	70.077	1.162.458	76			2.112.913	160.519	
Síld	75.866.889	46.242.984	10.787	2.487.270		25.064.014		46.007	
Loðna	33.549.472	10.379.576		1.286.563		61.166.564			
Kolmunni	3.728.448	9.045.859				162.479.350			
Makrill	80.922.787	64.559.758	11.466	774.753		17.885.812	1.154	1.663	
Samtals	337.456.291	198.109.082	56.375.397	58.345.042	500.250	267.160.920	12.411.689	7.088.341	

Fisktegund	Landfrysting	Sjófrysting	Ísað í flug	2012/2013		Hersla	Bræðsla	Óunnið í gám	Innanlands- neysla
				Söltun					
Porskur	85.427.323	35.127.129	41.058.569	51.020.292	874.638	942.201	5.542.912	3.981.082	
Ýsa	16.899.442	7.752.383	10.280.274	7.431	47.706	193.115	4.144.936	3.017.663	
Ufsi	22.983.216	21.852.505	1.070.834	4.541.411	444.837	287.076	377.143	17.990	
Skötuselur	133.055	19.651	540.060			63	1.097.431	35.216	
Skarkoli	2.122.946	69.423	1.404.451			94	2.177.960	150.842	
Síld	94.876.221	58.551.878	2.610	864.508		28.256.229	1.792	85.394	
Loðna	63.507.467	24.924.896				365.366.688		1.040	
Kolmunni	13.469.528	6.755.847				83.691.556			
Makrill	52.029.413	68.308.774	13			21.528.541	5.124	5.068	
Samtals	351.448.611	223.362.486	54.356.811	56.433.642	1.367.181	500.265.563	13.347.298	7.294.295	

Á fiskveiðiarinu 2013/14 fór að venju mestur hluti þorskaflans í landfrystingu eða um 99,4 þúsund tonn (41,5%). Næst mest fór í söltun eða rúmt 51 þúsund tonn (21,1%) og tæp 36 þúsund tonn (15%) voru sjófryst. Af makrilaflanum fóru um 49% í landfrystingu

eða rúmlega 80,9 þúsund tonn og um 64,6 þúsund tonn voru sjófryst (39,3%). Tafla 4.5 sýnir ráðstöfun afla nokkurra helstu fisktegunda á fiskveiðiarinu 2013/14 í samanburði við fiskveiðiaríð 2012/13.



5. Eftirlit

Fiskistofa gegnir lykhillutverki við eftirlit með sjávarútvegi. Verkefnið er umfangsmikið og krefjandi og felur m.a. í sér eftirlit með fiskveiðum, vinnslu afla um borð, aflaheimildastöðu skipa, vigtun og skráningu afla, hvalveiðum, lax- og silungsveiði og malartekju í ám. Eftirlit fer ýmist fram á vettvangi, til sjós og lands, eða með rafrænum hætti. Nokkur áhersla hefur verið lögð á að þróa aðferðir til frekari úrvinnslu gagna til eftirlits og til að auka rafrænt eftirlit. Um áramótin 2014/2015 fluttist eftirlit með fiskeldi til Matvælastofnunar, þegar lög nr. 49/2014 um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi tóku að fullu gildi. Einnig varð sú breyting 1. júní að fiskveiðistjórnunarsviði Fiskistofu var skipt í veiðieftirlitssvið og veiðiheimildasvið í því skyni að styrkja hvorn málaflokkinn um sig. Á sama tíma var aðgerða- og greiningadeild felld að almennri starfsemi veiðieftirlitssviðs.

Meðal starfa eftirlitsmanna um borð í veiðiskipum er að fylgjast með tegunda- og stærðarsamsetningu afla sem felst í því að lengd fisks er mæld, hann er kvarnaður og upplýsingum og sýnum er safnað í þágu hafrannsóknna og fiskveiðistjórnunar (Sjá töflu 5.1). Lengdarmælingar fara fram á sjó og í landi og með þeim er m.a. safnað gögnum til rannsókna á brottkasti. Brottkastaverkefnið felur í sér athugun og mat á brottkasti fisks miðað við tiltekin veiðarfæri og er það unnið í samstarfi við Hafrannsóknastofnun sem gefur út skýrslu árlega þar sem tölfræðilegar niðurstöður verkefnisins eru birtar. Árið 2014 var brottkast mælt úr netum og línu.

5.1 Fjöldi mælinga á fiski og sýnataka

	Lengdarmældir	Kvarnaðir
2014	394.948	7.992
2013	415.901	8.500

5.2 Eftirlit á sjó

	2014		2013	
	Ferðir	Dagar	Ferðir	Dagar
Vinnsluskip	38	786	40	823
Önnur skip	332	821	355	920

5.3 Eftirlit með löndun og veiðum á uppsjávarfiski

	2014			2013		
	Fjöldi landana	Eftirit	Hlutfal	Fjöldi landana	Eftirit	Hlutfal
Makrill og Ní-síld	703	99	14%	683	96	14%
Annar uppsjávarafli	418	77	18%	600	144	24%
Alls	1121	176	16%	1283	240	19%
Landaður uppsjávarafli erlendra skipa	122	22	18%	60	4	6%

¹ Fjöldi landana takmarkast við magn landaðs afla 5 tonn eða meira.

Viðfangsefni eftirlitsmanna eru af margvíslegum toga, fer mest fyrir verkefnum tengdum vigtun og skráningu sjávarafla, umgengni um auðlindina og verndun smáfisks.

5.1 Eftirlit á sjó

Uppsjávarfiskur

Í töflu 5.3 má sjá fjölda landana á uppsjávarfiski og viðveru eftirlitsmanna við þær.¹ Á árinu voru eftirlitsmenn 265 daga um borð í veiðiskipum er stunduðu veiðar á makrill og norsk-íslenski síld. Veiðar á íslenski sumargotssíld hófust um miðjan október, en þá fannst síld í Kolluál og fór veiðin öll fram á því svæði, veturseta sumargotssíldar var því að mestu í Kolluál en óverulegt magn var á innanverðum Breiðafirði þetta árið.

Eftirlit á grunnslóð

Eins og tíðkast hefur undanfarin ár sinna Landhelgisgæslan og Fiskistofa sameiginlega fiskveiðieftirliti á grunnslóð. Þetta sumarið fór eftirlitið fram dagana 18.-26. júní og 7.-17. júlí. Farið var um Faxaflóa, Breiðafjörð, Vestfirði, Húnaflóa, Skagafjörð og á Skjálfaflóa að þessu sinni.

Farið var á slöngubátum Leiftri (7745) og fóru eftirlitsmenn Fiskistofu um borð í báta til að kanna m.a. afladagbækur, veiðileyfi, afla, aflasamsetningu, aflameðferð og veiðarfæri. Landhelgisgæslan kannaði lögskráningu og haffærisskrirteini bátanna auk þess að hafa umsjón með bátum Leiftri. Alls var farið um borð í 181 bát í sumar eða 86 fleiri en árið 2013, þar af 153 strandveiðibáta, 16 aðra handfærabáta, 2 rækjubáta, 6 línubáta, 1 dragnótabát, 1 grásleppubát, 1 netabát á þorskveiðum og einn bát á sæbjúgnaveiðum.

Meirihluti þeirra báta sem sættu eftirliti fylgdu settum reglum og fengu eftirlitsaðilar góðar viðtökur. Þó voru gerðar 35 brotaskýrslur eða í um 19% tilvika. Þess má geta að á fyrra ári var þetta hlutfall tæp 14% þar sem 13 brotaskýrslur voru skráðar vegna eftirlits í 95 bátum.

Flestar brotaskýrslur voru vegna afladagbókarbrota eða 33. Mikið var um að útfyllingu afladagbóka væri ábóta-

vant, síðustu róðrar höfðu ekki verið skráðir eða afladagbók var ekki um borð. Ein brotaskýrsla var gerð vegna brottkasts, en í því tilvikki sáu eftirlitsmenn að öll tindabikkja var slegin af línu ásamt smáfiski. Brotaskýrsla var svo gerð vegna útrunnins grásleppuveiðileyfis. Að auki fóru fram lengdarmælingar í 8 bátum. Mældir fiskar voru 1811 og leiddi það til þriggja skyndilokana, en slíkar skyndilokanir eru til að koma í veg fyrir skaðlegar veiðar á ungfiski.

Það er samdóma álit allra sem að eftirlitinu komu að samstarf Fiskistofu og Landhelgisgæslunnar af þessu tagi sé mikilvægt og skili góðum árangri við eftirlit á grunnslóð.

Grásleppa

Útgefin leyfi til veiða á grásleppu 2014 voru 225 talsins en 286 á fyrra ári. Í eftirliti var lögð áhersla á að merkingar veiðarfæra væru fullnægjandi og að trossur væru merktar í samfelldri númeraröð. Auk þess var vinna lögð í að staðreyna að fjöldi og lengd neta í sjó væri innan þeirra marka sem reglur heimila. Að hámarki er hverjum bát heimilt að hafa samanlagða teinalengd neta allt að 7.500 metra á vertíð. Netalengd miðast við teinalengd. Hverjum báti er einungis heimilt að nota net sömu teinalengdar á hverri grásleppuvertíð.

Á tímabilinu 5. maí til 30. júní var ráðinn starfsmaður til Fiskistofu til þess að fylgjast með veiðum og veiðarfærum grásleppubáta með sérstakri áherslu á skráningu á sjávarspendýrum og fuglum, sem í netin koma, og færa skal í afladagbækur bátanna. Farið var í 22 sjóferðir með 21 grásleppubát á þessu tímabili.

Strandveiðar


Alls voru 648 bátar með leyfi til strandveiða árið 2014 samanborið við 674 árið áður. Leyfi til strandveiða eru bundin tilteknum skilyrðum sem m.a. lúta að leyfilegum heildarafla á dag og lengd veiðiferðar. Fiskistofa hefur eftirlit með því að þessi skilyrði séu virt og fer það fram með rafrænum hætti. Nokkuð var um að tímamörk um lengd veiðiferðar væru ekki virt og að afli færi yfir leyfileg mörk, auk þess sem skipstjórar voru í nokkrum tilvikum ekki með afladagbækur um borð. Slíkum málum var lokið ýmist með leiðbeiningu eða formlegri áminningu. Alls voru 34 mál tekin til meðferðar í kjölfar rafræns eftirlits og var 29 málum lokið með skriflegum leiðbeiningum, en 5 aðilar fengu formlega áminningu. Auk þess var lagt á gjald, samtals 21 m. kr., vegna þess strandveiðiafla sem veiddur var umfram heimildir.

Vinnsluskip

Hjá Fiskistofu starfa 5 eftirlitsmenn sem eru sérhæfðir í eftirliti með skipum sem vinna afla um borð og sinna því eingöngu. Alls unnu 32 skip afla um borð á síðasta ári samanborðið við 38 árið 2013. Sjá töflu 5.2 um viðveru eftirlitsmanna í vinnsluskipum á árinu.

Alls var botnfiskur flakaður um borð í 16 skipum og uppsjávarafli í 6 skipum. Þá höfðu 6 skip heimild til að heilfrysta, hausskera eða sporðskera afla. Rækja var unnin um borð í 4 skipum, af þeim sauð og frysti 1 skip rækju, en 3 skip suðu rækju og ísuðu. Nokkur skip í þessum hópi stunduðu jafnframt veiðar á makríl og unnu hann um borð. Heildarfjöldi landana á afurðum

5.4 Fjöldi daga á sjó eftir árum



5.5 Heildarfjöldi skyndilokana 2013 og 2014 eftir fisktegundum og veiðarfærum

Fisktegundir	2013	2014	Veiðarfæri	2013	2014
Porskur	144	77	Botnvarpa	16	7
Porskur/ufsi	0	3	Dragnót		1
Keila	1	3	Handfæri	58	12
Rækja	3		Lína	86	69
Ufsi	14	4	Rækjuvarpa	3	
Annað	2	2	Síldarnót	1	70
Samtals	164	89	Samtals	164	89

vinnsluskipa árið 2014 var 550 samanborið við 639 árið 2013.

Skylt er að senda Fiskistofu upplýsingar um nýtingu afla í viðkomandi veiðiferð, þ.e. svokallaðar nýtingarskýrslur og eru þær rýndar til að kanna hvort rétt hafi verið staðið að mælingum á nýtingu við vinnslu afurða. Þá gera eftirlitsmenn úttekt á afurðum vinnsluskipa við löndun þar sem borin eru saman nýtingarsýni og vinnslusýni í því skyni að kanna hvort rétt hafi verið staðið að nýtingarmælingum um borð. Á árinu voru gerðar 19 slíkar úttektir og voru 15 þeirra án athugasemda en í 4 tilvikum var afurð reiknuð til aflamarks samkvæmt grunnstuðli, þar sem nýtingarmælingar og/eða skýrslur voru ófullnægjandi. Til samanburðar voru úttektirnar 23 árið 2013 og voru 17 þeirra án athugasemda.

Þegar eftirlitsmaður verður var við að meðferð eða vinnsla sjávarafra eða fiskafurða er aðfinnsluverð er Matvælastofnun tilkynnt um atvikið í samræmi við ákvæði samstarfssamnings stofnananna. Matvælastofnun voru sendar 33 slíkar tilkynningar á síðasta ári en 31 árið 2013.

Ekkert íslenskt skip stundaði rækjuveiðar á Flæmingjagrunni 2014.

Hafnríkiseftirlit

Fiskistofa sinnir hafnríkiseftirliti með erlendum fiskiskipum í að lágmarki 15 % tilfella þegar um er að ræða löndun/umskipun erlendra skipa á Íslandi sem koma af veiðum á NAFO- og NEAFC-veiðisvæðum. Á árinu sinntu veiðieftirlitsmenn Fiskistofu hafnríkiseftirliti í 28 tilfellum vegna skipa sem komu af veiðum á NEAFC-veiðisvæðum og í tveimur tilfellum vegna skipa sem komu af veiðum á NAFO-veiðisvæðum. Eftirlitið felur í sér vöktun á öllum farminum, samanburðar á magni og tegundum sem tilkynnt voru af viðkomandi skipi og lönduðum afla.

Skyndilokanir

Skyndilokunum er beitt til að koma í veg fyrir skaðlegar veiðar á ungfiski. Skyndilokanir voru 89 árið 2014 borið saman við 164 árið áður. Flestar lokanir, eða 77, voru vegna þorsks sem mældist undir viðmiðunarmörkum.



Mest var um lokanir á línuveiðar, en þær voru 69 talsins. Þá voru talsvert færri lokanir á handfæraveiðar en á fyrra ári og voru þær 12 talsins samanborið við 58 árið áður.

Hvalveiðar

Eftirlit með hvalveiðum fer fyrst og fremst fram með skoðun á skipum og veiðibúnaði, veiðiaðferðum, mælingaraðferðum, sýnatöku og því hvort veiðarnar séu stundaðar á leyfilegum svæðum. Auk þess er gengið úr skugga um að um borð séu menn með tilskilda reynslu og leyfi til að stunda veiðarnar. Eftirlitsmenn Fiskistofu fóru samtals í 4 veiðiferðir til eftirlits með hvalveiðum.

5.6 Fjöldi veiddra hvala

Ár	Hrefna	Langreyður
2009	81	125
2010	60	148
2011	58	0
2012	52	0
2013	35	134
2014	24	137

Sumarið 2014 störfuðu tveir norskir dýralæknar við mælingar á aflifunartíma í hrefnu- og langreyðarveiðum við Ísland á vegum Fiskistofu. Dýralæknarnir hafa áratugareynslu af slíkum mælingum úr hrefnuveiðum Norðmanna. Vegna óhagstæðra veðurskilyrða lágu hrefnuveiðar að mestu niðri þann tíma sem ætlaður var til mælinga á aflifunartíma í hrefnuveiðum. Ráðgerir Fiskistofa að ráða sömu sérfræðinga til þess að gera mælingar á aflifunartíma á næsta hrefnuveiðitímabili. Í langreyðarveiðum var árangur mælinga betri og alls var aflifunartími mældur fyrir 50 langreyðar. Skýrslu með niðurstöðum úr mælingunum er að vænta á næsta ári.

5.2 Eftirlit í landi

Vigtun og skráning afla

Eftirlit með vigtun og skráningu sjávarafla er stærsta eftirlitsverkefni Fiskistofu í landi og tekur það á sig ýmsar myndir. Má þar m.a. nefna úttekt hjá þeim aðilum sem sækja um eða endurnýja vigtunarleyfi, eftirlit með framkvæmd vigtunar hjá vigtunarleyfishöfum,

eftirlit með löndun og vigtun afla á hafnarvog og skoðun á vigtarnótum hjá flutningsaðilum.

Alls voru 124 aðilar með leyfi til vigtunar í lok ársins 2014, sem er tólf fleiri en í lok árs 2013. Aukningin skýrist af fjölgun endurvigtunarleyfa á árinu, eins og sjá má í töflu 5.7.

Heildaraflí íslenskra skipa í kvótabundnum botnfisktegundum, sem vigtaður var hjá vigtunarleyfishöfum til skráningar aflamarks, var tæplega 228.511 tonn (miðað við slægðan afla). Það eru 63,8% af heildarmagni landaðs afla sömu tegunda. Sé tekið tillit til alls afla sem vigtaður var hjá vigtunarleyfishöfum er hlutfallið 36% af heildarafla á árinu 2014. Hlutfall botnfisktegunda sem vigtað var hjá vigtunarleyfishöfum var 22,4% af lönduðum afla allra tegunda, bæði kvótabundinna og tegunda sem ekki eru háðar takmörkun á veiðum.

5.7 Tegund og fjöldi vigtunarleyfa

Tegund vigtunarleyfis	Fjöldi 2013	Fjöldi 2014
Vigtunarleyfi sjálfstæðra aðila	3	3
Heimavigtun fiskvinnsla	3	3
Heimavigtun bræðsla	11	11
Endurvigtun fiskvinnsla	75	87
Endurvigtun fiskmarkaðir	20	20
Samtals	112	124

Afladagbækur

Eftirlitsmenn Fiskistofu skoðuðu afladagbækur um borð í veiðiskipum í 413 tilvikum. Við skoðun á vettvangi gera eftirlitsmenn athugasemdir við þau atriði sem betur mega fara og skrifa eftir atvikum brotaskýrslu. Almenn er frágangur afladagbóka í samræmi við lög og reglur en þó var eitthvað um óskráðar veiðiferðir í afladagbækur. Þá komu upp 29 tilvik meðal smábáta þar sem brotaskýrsla var gerð þar sem afladagbók var ekki um borð. Fiskistofa fer með eftirlit með skilum á afladagbókum og voru á síðasta ári send út 354 bréf þar sem skipstjórar og útgerðaraðilar voru áminntir vegna þess að afladagbók hafði ekki verið skilað á réttum tíma. Þá voru 54 skip svipt veiðileyfi vegna vanskila á afladagbók.



6. Útflutningur

Fiskistofa safnar upplýsingum um magn og verðmæti þess afla sem fluttur er óunninn á erlenda fiskmarkaði. Alls voru flutt út 22.224 tonn árið 2014. Það er 6,8% samdráttur frá fyrra ári og er það sama þróun og undanfarin ár.

Lönd og magn

Í töflu 6.1 má sjá yfirlit yfir útflutning á óunnum ísuðum afla eftir tegundum og löndum árin 2014 og 2013. Útflutningur á óunnum afla frá Íslandi dróst saman um 23,2% milli ára til Bretlands en jókst um 9,8% til Þýskalands.

Útgáfa vottorða

Frá því í janúar 2010 hefur verið skylt að veiðivottorð fylgi fiskafurðum sem fluttar eru út til landa Evrópusambandsins til staðfestingar á að aflinn sé löglega veiddur. Fiskistofa ber ábyrgð á útgáfu veiðivottorða vegna útflutnings frá Íslandi. Stofnunin setti þegar árið 2010 upp vefkerfi þar sem útflytjendur skrá sig inn og gefa upplýsingar um uppruna þess afla sem flytja á út. Upplýsingar útflytjenda eru bornar saman rafrænt við

gögn Fiskistofu og séu þær réttar getur útflytjandinn sjálfur keyrt út löggilt vottorð af vefnum og látið það fylgja vörunni. Enn fremur er það svo að Íslendingar flytja inn töluvert af fiski til vinnslu hérlandis sem ætlaður er til útflutnings. Í því tilviki verður veiðivottorð að fylgja fiskinum frá upprunalandinu og vinnsluvottorð frá Íslandi. Útflytjendur þurfa þá að senda Fiskistofu veiðivottorð ásamt útfylltu eyðublaði fyrir vinnsluvottorð. Fiskistofa fer yfir þessi gögn og staðfestir vinnsluvottorðin.

Á árinu 2014 voru gefin út 29.124 rafræn veiðivottorð sem er tæplega 3,6% fækkun frá fyrra ári. Útgefin vinnsluvottorð 2014 voru 853 og fjölgaði þeim um 25% á milli ára.

Frá árinu 2007 hefur Fiskistofa séð um útgáfu á leyfum til út- og innflutnings á afurðum sjávardýra sem heyra undir svonefndan CITES-samning. CITES er samningur um eftirlit með alþjóðaverslun með villt dýr og pöntur í útrýmingarhættu. Á árinu gaf Fiskistofa út 28 slík leyfi en á árinu 2012 voru þau 30 talsins. Aðallega var um útflutning á hvalaafurðum að ræða.



6.1 Útflutningur á óunnum fiski eftir söluöldum 2012 og 2013 (tonn)

Fisktegund	2014							
	Alls 2014	Belgía	Bretland	Danmörk	Frakkland	Holland	Þýskaland	Aðrir
Porskur	3.848,7	0,6	3.306,6	192,1	138,4	65,6	134,4	11,0
Ýsa	2.614,0		2.583,6	9,4	12,7	0,1	4,9	3,3
Ufsi	240,1		61,4		12,1	0,6	166,0	
Lýsa	293,0		261,8		26,8	1,2	3,2	
Karfi / Gullkarfi	7.613,4	108,2	1.386,0	9,2	993,2	76,6	4.980,6	59,6
Langa	867,3		158,7		110	0,2	21,7	576,7
Blálanga	164,1		55,5	2	38,8	0,3	67,5	
Keila	9,6		3,7				5,9	
Steinbítur	1.785,9	0,6	1.152,1	4,8	192,8	35,8	395,0	4,8
Hlýri	118,2		19,2	29,4	14	14,6	41,0	
Skötuselur	225,8		43,6	22,4	25,3	6,4	128,1	
Háfur	12,5		11,8		0,6		0,1	
Lúða	5,5		5,5					
Grálúða	94,6		70,7		15,8	4,3	3,8	
Skarkoli	1.913,9	18,1	1.846,9	27,6	4,9	12,8	3,6	
Þykkvalúra / Sólkoli	497,1	2,5	482,3	6,1		0,4	5,3	0,5
Langlúra	22,3	9,8	12,4				0,1	
Stórkjafra / Öfugkjafra	53,3	3,7	37,0	1,9	8,1	0,3	2,3	
Sandkoli	15,4	14,7	0,7					
Skráplúra	0,1	0,1						
Djúpkarfi	1.828,8		17,1		50,9		1.760,8	

Fisktegund	2013							
	Alls 2013	Belgía	Bretland	Danmörk	Frakkland	Holland	Þýskaland	Aðrir
Porskur	5.259,9		5.169,4	6,9		30,3	42,2	11,1
Ýsa	3.965,3		3.962,2		1,0		0,6	1,5
Ufsi	165,0		50,9		0,9	5,6	107,6	
Lýsa	172,9		165,3			2,6		5,0
Karfi / Gullkarfi	6.760,3	93,0	1.258,6	1,6	505,3	51,8	4.777,0	73,0
Langa	872,1	1,0	273,9		7,0	1,4	13,7	575,1
Blálanga	305,1	1,1	196,3		22,6		84,8	0,3
Keila	12,2		9,1				2,1	1,0
Steinbítur	1.596,8	0,1	1.034,9	1,8	124,8	27,3	405,9	2,0
Hlýri	83,0		22,8	14,7	1,0	10,7	33,8	
Skötuselur	502,6		120,0	101,6		2,2	278,8	
Háfur	4,5		4,0				0,5	
Lúða	3,2		3,1	0,1				
Grálúða	120,8	0,4	97,3		19,3	2,1	1,7	
Skarkoli	1.921,6	3,2	1.904,4	0,1			1,0	12,9
Þykkvalúra / Sólkoli	709,0	9,7	653,6	1,6		17,2	3,1	23,8
Langlúra	17,6		17,6					
Stórkjafra / Öfugkjafra	47,9	16,1	25,3				0,3	6,2
Sandkoli	15,6	15,4	0,2					
Skráplúra	0,3	0,3						
Djúpkarfi	1.316,7		28,7		4,8		1.283,2	
Samtals	23.852,4	140,3	14.997,6	128,4	686,7	151,2	7.036,3	711,9



7. Lax- og silungsveiði

Veiðimálastofnun safnar upplýsingum um veiði á laxi og silungi í umboði Fiskistofu og gefur árlega út skýrslu með samantekt um veiðina. Samkvæmt bráðabirgðatölum sem Veiðimálastofnun gaf út í október 2014 veiddust um 32.400 laxar á stöng á landinu sumarið 2014. Sú veiði er tæpur helmingur laxveiðinnar 2013, þegar 68.042 laxar veiddust á stöng. Þetta er um 2.400 löxum minni veiði en árið 2012, eða sem nemur 7%. Í heild var fjöldi stangveiddra laxa 21% undir langtímameðaltali (40.861). Inni í tölum um laxveiði eru þeir laxar sem upprunnir eru úr sleppingu gönguseiða og einnig þeir laxar sem er sleppt aftur í stangveiði (veitt og sleppt). Fregnir eru um að laxagöngur hafi almennt verið slakar á útbreiðslusvæði Atlantshafslaxins bæði í Evrópu og Norður-Ameríku. Upplýsingar um sjóbirtings- og sjóbleikjuveiði, sem og aðra silungsveiði, verða birtar í skýrslu Veiðimálastofnunar á árinu 2015.


Sumarið 2014 hélt Fiskistofa áfram að safna vefjasýnum úr laxi sem veiðist sem meðafli í flotvörpuveiðum, en verkefni þetta hófst árið 2010. Það er unnið í samvinnu við Veiðimálastofnun. Alls söfnuðust 36 sýni sem tekin voru til erfðagreiningar. Fiskistofa hefur hug á halda áfram sýnatöku úr flotvörpuveiði á árinu 2015. Áherslu verður lögð á að fá sýni frá skipum sem verða á veiðum við austurströnd Grænlands. Slík sýni gætur gefið nýjar upplýsingar um far og líffræði laxins.

Á árinu voru seld um 750 útvortis slöngumerki til að merkja laxfiska. Kaupendur voru bæði ýmsir sem rannsaka fisk í ám og vötnum og stangveiði- eða veiðifélög vegna sleppinga á veiddum laxi í ám. Skila skal skýrslu um notkun merkjanna til Fiskistofu. Að auki voru afhent 240 útvortis DART-slöngumerki vegna túnfisksveiða.

Á haustdögum 2013 og í byrjun árs 2014 bárust 630 örmerkjansoppur til Fiskistofu, Veiðimálastofnunar og Laxfiska ehf til aflestrar vegna laxa sem veiddust árið 2013. Þar af bárust 500 frá veiðimönnum ásamt 5 útvortis merkjum. Lesin merki eru færð í gagnagrunn sem borinn er saman við merkjagrunn til að fá nánari upplýsingar um sleppihópa sem viðkomandi örmerki tilheyrir. Upplýsingar um merkt laxa eru sendar til Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Samtals örmerktu Veiðimálastofnun og Laxfiskar ehf 48.257 laxaseiði 2013 sem síðan komu fram í veiðum 2014 sem eins árs lax. Eins og árið á undan voru um 10% laxaseiðanna af náttúrulegum uppruna (ekki eldisseiði).

Fimm verðlaun voru í boði vegna þeirra 505 merkja sem veiðimenn skiluðu inn fyrir veiðiárið 2013. Verðlaunin voru ýmiss konar veiðivörur fyrir stangveiði. Megintilgangur verðlaunanna er að hvetja veiðimenn til að skila merkjum úr laxfiskum en endurheimtur á merktum fiskum geta gefið mikilvægar upplýsingar um líffræði þeirra og atferli. Fiskistofa mun halda áfram að veita slík útdráttarverðlaun.

7.1 Stangveiði á laxi 1974 til 2014 (punktalínan sýnir meðalveiði)



Veidifélög og veiðivarsla

Samkvæmt VI. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði ber Fiskistofa ábyrgð á því að stofnun veiðifélaga og starfsemi þeirra sé í samræmi við lög. Þannig staðfestir hún og birtir samþykktir og arðskrár veiðifélaga í Stjórnartíðindum. Stofnuninni ber einnig að úrskurða ef upp kemur ágreiningur innan félags um ákvarðanir og stjórnarhætti. Á árinu voru staðfestar og birtar þrjár samþykktir veiðifélaga en auk þess voru aðrar tvær til umfjöllunar sem ekki reyndist unnt að afgreiða þar sem forsendur skorti. Fjórar arðskrár voru sendar til birtingar í Stjórnartíðindum og þrjár úrskurðir matsnefndar birtir á heimasíðu Fiskistofu.

Nokkur erindi bárust frá veiðifélögum þar sem sótt var um að framlengja veiðitíma sjóbirtings. Erindin bárust nokkru fyrir en venja hefur verið. Ákvörðun um það hvort framlenging skuli leyfð hefur að miklu leyti byggst á veiði fyrra árs og var veiði heimilud til 20. október.

Á árinu voru tvær nýtingaráætlanir staðfestar af Fiskistofu og sendar til veiðifélaga. Í þeim koma fram þær reglur sem veiðifélög hafa sett með það að markmiði að viðhalda sjálfbærum lax- og silungsveiðum í ám og vötnum. Í nýtingaráætlunum er tiltekið leyfilegt veiðialag og gefinn upp fjöldi stanga eða neta sem heimilt er að nota. Miðað er við að stangafjöldi sé bundinn til átta ára en hvers konar friðunaraðgerðir eru ótímabundnar og háðar ákvörðun veiðifélags á hverjum tíma. Öllum veiðifélögum ber að setja sér nýtingaráætlun. Enn eiga mörg veiðifélög eftir að skila nýtingaráætlunum, einkum fyrir veiði í sjóbirtings- og sjóbleikjuám.

Vorið 2009 hófst samstarf milli Veiðimálastofnunar og Fiskistofu um hönnun á forriti til notkunar við rafræna skráningu í veiðibækur. Hugsunin er sú að þeir sem ábyrgð bera á veiðiskráningu fái aðgang að sérstökum gagnagrunni til skráningar. Fiskistofa fékk það hlutverk að hanna slíkan gagnagrunn en Veiðimálastofnun skipulagði og fylgdist með notkun hans í lykilám. Sumarið 2014 var fimmta sumarið sem laxar voru skráðir í þennan rafræna gagnagrunn. Þegar rafræn skráning verður orðin almenn hjá veiðifélögum, eins og stefnt er að, mun það spara mikla vinnu við innslátt gagna sem Veiðimálastofnun hefur annast. Áfram verður þó veiðibókum úthlutað til veiðifélaga og upplýsingum um veiði safnaði í þær við veiðiár.

Fiskræktarsjóður er sjálfstæður sjóður sem hefur það hlutverk að veita lán og styrki til að efla fiskrækt, bæta

veiðiaðstöðu og styðja við rannsóknir í ám og vötnum. Samkvæmt lögum nr. 72/2008 um Fiskræktarsjóð annast Fiskistofa álagningu og innheimtu gjalds frá veiðifélögum. Að öðru leyti fer stjórn sjóðsins með fjármál hans og úthlutar árlegum styrkjum vegna ýmissa verkefna. Núverandi formaður sjóðsins er Ólafur Halldórsson. Á vef Fiskistofu eru nánari upplýsingar um sjóðinn og skrá yfir úthlutanir Fiskræktarsjóðs fyrir árið 2014 og fyrri ár.

Skipulagsmál, mannvirkjagerð og efnistaka

Fiskistofa veitir ýmsum umsagnir: Orkustofnun vegna leyfisveitinga, Skipulagsstofnun vegna mats á umhverfisáhrifum og sveitarfélögum vegna skipulagsmála þegar framkvæmdir geta haft áhrif á lífríki í ám og vötnum. Á árinu 2015 voru afgreidd um tíu slík erindi. Fiskistofa gefur einnig út leyfi vegna framkvæmda við ár og vötn. Mörg erindi berast sem snúa að efnistöku. Þegar um minniháttar malartekju úr áreyrum hefur verið að ræða, og ekki er talið að lífríki skaðist, hefur landeigendum verið veitt heimild til langs tíma, allt að 5 árum. Sama gildir um árlega lagfæringu á farvegum ána og veiðivegum á vorin fyrir veiðitíma. Nokkuð er um að efnistaka fari fram í óleyfi, en það eykur hættu á því að skaði hljótist af. Þegar ábendingar koma fram um slíkt hefur Fiskistofa rannsakað málin og látið stöðva framkvæmdir eftir atvikum. Árið 2014 voru afgreidd rúmlega fimmtíu erindi vegna margvíslegra framkvæmda við ár og vötn.

Eftirlit með veiðum á laxfiskum

Fiskistofa gefur út skipunar- og erindisbréf til veiðivarða sem veiðifélög ráða til sín, en með þeim fá veiðiverðir m.a. heimild til að leggja hald á ólögleg veiðitæki og afla. Alls voru 37 slík bréf gefin út árið 2014. Mörg veiðifélög sækja ekki um skipunar- og erindisbréf fyrir veiðiverði sína og því hafa þeir ekki heimildir sem gagnlegt væri að hafa í því starfi. Auk veiðivarða veiðifélaga réði Fiskistofa eftirlitsmann yfir sumarmánuðina, einkum til að kanna netalagnir í sjó í samvinnu við almenna eftirlitsmenn Fiskistofu. Einnig var haft samstarf við Landhelgisgæsluna vegna eftirlits með lax- og silungsveiðum. Nokkuð var um tilkynningar um ólöglegar netaveiðar. Eftirlitsmaður Fiskistofu hafði afskipti af netaveiðum á göngusilungi í sjó en ekki var lagt hald á ólögleg net sumarið 2014.

8. Fiskeldi

Mikil breyting verður á aðkomu Fiskistofu að málefnum fiskeldis en í maí voru samþykktar breytingar á lögum um fiskeldi sem fela í sér að stjórnýsla og eftirlit með fiskeldi flyst til Matvælastofnunar í byrjun árs 2015. Fiskistofa mun áfram sinna verkefnum sem snúa að viðbrögðum við slysasleppingum úr fiskeldi.

Undanfarin ár hefur framleiðsla afurða úr eldisfiski aukist og sú þróun heldur áfram. Aukningin felst einkum í sjókvíaeldi á laxi, en einnig bleikju og sjókvíaeldi á regnbogasilungi. Eldisstöðvar á Íslandi eru mjög ólíkar að stærð og gerð og eru þær reknar með ólíkum hætti. Aðstæður til fiskeldis eru mismunandi en það er starfrækt bæði í sjó og á landi og þá ýmist í fersk- eða ósavatni.

Fiskistofa hefur gefið út rekstrarleyfi til fiskeldis og hefur haft eftirlit með starfsemi eldisstöðva. Markmiðið er að tryggja að starfsemi sé í samræmi við lög, reglur og ákvæði rekstrarleyfis. Stofnunin safnar einnig upplýsingum um framleiðslu í fiskeldi. Árið 2014 voru gefin út fimm rekstrarleyfi og voru það aðilar sem voru með starfsemi en höfðu ekki sótt um rekstrarleyfi. Einnig voru fimm leyfi felld úr gildi og tvö leyfi skiptu um eiganda.

Fiskistofa hafði eftirlit með fiskeldisstöðvum á árinu. Á árinu voru 28 eldisstöðvar heimsóttar, til sjós og lands, og farið vandlega yfir rekstur, búnað og verklag fyrirtækjanna og skýrsla gerð um hvert tilvik. Í júlí bárust fréttir af því að lax veiddist á stöng í ósi Ósár í botni Patreksfjarðar. Í nóvember 2013 hafði Fjarðalax ehf. tilkynnt um að sloppið hefðu 200 laxar og því vaknaði grunur um að um eldisfiska væri að ræða. Fiskistofa sendi eftirlitsmann á vettvang og stýrði netaveiðum á laxi í og við ósinn. Sýni voru send til Veiðimálastofnunar til greiningar. Erfðagreining á sýnunum leiddi í ljós að allir fiskarnir sem veiddust voru upprunnir úr eldi. Fiskistofa stýrði netaveiðum á laxi í og við ána fram á haustið, en alls veiddust 105 laxar í net. Upplýsingum var einnig safnað frá veiðimönnum um fjölda veiddra laxa á stöng, en alls fengust upplýsingar um 104 stangveidda laxa. Því er staðfest að 209 laxar veiddust á, í og við Ósá í botni Patreksfjarðar. Fiskistofa mun fylgjast með því hvort vart verður við eldisfiska í Patreksfirði sumarið 2015.

Fiskistofa veitir umsagnir um fiskeldismál og voru 23 umsagnir veittar á árinu.



9. Meðferð mála og úrskurðir

Fiskistofa annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Eftirlitsmenn stofnunarinnar sinna eftirlitsstörfum á vettvangi, t.d. um borð í fiskiskipum, í höfnum og í fiskvinnslum. Hluti af eftirlitinu fer fram með rafrænum hætti og er sá hluti í höndum starfsfólks á skrifstofu Fiskistofu.

Brotamál

Á árinu komu upp 917 mál vegna gruns um brot gegn lögum og reglum á sviði fiskveiðistjórnunar. Þar af voru 672 mál vegna vanskila á afladagbókum. Í töflu 9.1. má sjá sundurgreiningu á tegundum brotamála.

9.1 Yfirlit yfir brotamál

Brot gegn reglum um löndun	55
Framhjalöndun	3
Brot vigtunarleyfishafa	13
Undirmál	15
Röng tilgreining tegunda	9
Önnur brot	15
Brotkast afla	7
Brot gegn reglum um veiðileyfi	41
Brot við grásleppuveiðar	28
Brot við strandveiðar	34
Brot varðandi afladagbækur	720
Vanskil á afladagbókum	672
Önnur brot	48
Umframaflabrot	16
Brot gegn lögum um lax- og silungsveiði	1
Önnur brot	15
Brotamál alls	917

9.2 Meðferð mála

Brotamál	
Mál kærð til lögreglu	14
Áminningar varðandi veiðileyfi	25
Veiðileyfissviptingar	11
Afturkallanir vigtunarleyfa	0
Leiðbeiningabréf	110
Ekkert aðhafst	38
Sent öðru stjórnvaldi	0
Málsmeðferð enn í gangi	54
Veiðar umfram aflamark	
Boðaðar veiðileyfissviptingar	1872
Veiðileyfissviptingar	31
Vanskil á afladagbókum	
Veiðileyfissviptingar	127
Vanskil á greiðslum	
Veiðileyfissviptingar vegna ógreiddra veiðigjalda	15
Veiðileyfissviptingar vegna ógreiddra álagninga vegna umframafla	48



Meðferð mála

Meðferð brotamála getur lokið með beitingu viðurlaga á stjórnáslustigi, sem eftir atvikum fela í sér áminningu, veiðileyfissviptingu eða afturköllun vigtunarleyfis. Hluti brotamála er kærður til lögreglu. Minni háttar málum er í mörgum tilvikum lokið með svokölluðum leiðbeiningarbréfum þar sem lagt er fyrir aðila að fara framvegis að reglum, en ekki talið tilefni til frekari aðgerða að sinni. Í töflu 9.2 er að finna yfirlit yfir viðurlög brotamála á árinu. Í töflunni eru ennfremur tölur um veiðileyfissviptingar vegna veiða umfram aflamark og vegna vanskila á gjöldum.

10. Álagning og innheimta

Fiskistofa annast álagningu og innheimtu veiðigjalda, skv. lögum um veiðigjöld nr. 74/2012 og gjalds vegna ólögmæts sjávaraflla, skv. lögum nr. 37/1992. Álagning veiðigjalds vegna aflamarks fer fram við úthlutun þess á hverju fiskveiðiári. Álagning á landaðan afla fer fram 31. ágúst ár hvert vegna afla sem landað var frá 1. ágúst næstliðins árs til 31. júlí á álagningarárinu. Þá annast Fiskistofa innheimtu fiskræktarsjóðsgjalds og nam það 17 m.kr. á árinu.

Veiðigjöld

Veiðigjöld eru lögð á úthlutað aflamark og landaðan afla sem ekki er veiddur til aflamarks. Um var að ræða ákveðna krónutölu á hvert þorskígildiskiló vegna fiskveiðiaranna 2012/2013 og 2013/2014 en fyrir fiskveiðiaríð 2014/2015 er það tiltekin krónutala á hvert kg fisks, mismunandi eftir hverri fisktegund, sbr. reglugerð nr. 588/2014.

Samkvæmt ákvæði II til bráðabirgða við lög nr. 74/2012 um veiðigjöld geta gjaldendur sérstaks veiðigjalds sótt um lækkun á því á fiskveiðiarunum 2012/2013 til

2017/2018 vegna vaxtakostnaðar við kaup á aflahlutdeildum sem áttu sér stað fyrir gildistöku laganna, 5. júlí 2012. Sjá álögð veiðigjöld í töflu 10.1.

Ólögmætur sjávarafli

Fiskistofa leggur á gjald vegna ólögmæts sjávaraflla á grundvelli laga nr. 37/1992 og annast innheimtu gjaldsins f.h. Verkefnasjóðs sjávarútvegsins (Tafla 10.2). Við almenna álagningu gjaldsins er fiskveiðiarínu skipt í fjögur þriggja mánaða tímabil og hvert tímabil er gert upp sér. Fiskistofa hefur einnig með höndum álagningu gjalds vegna ólögmæts afla strandveiðibáta. Þegar um strandveiðar ræðir er lagt á gjald sem nemur verðmæti þess afla sem er umfram 650 þorskígildiskiló í veiðiferð. Gjaldinu er skipt hlutfallslega eftir tegundum. Álagning fer fram mánaðarlega. Tilkynningar um álagningu vegna strandveiða á árinu 2014 voru alls 1.092 og fjölgaði um 64 frá 2013 eða um rúmlega 6%. Nam upphæð gjaldsins sem lagt var á 28,5 milljónum kr. Í töflu 10.3 má sjá fjölda báta sem fengu álagningu eftir mánuðum og upphæð þess gjalds sem lagt var á þá.

10.1 Álagning vegna veiðigjalds (fjárhæðir í milljörðum kr.)

Veiðigjöld	2014/2015	2013/2014
Almennt veiðigjald	3,1	4,4
Sérstakt veiðigjald - heildarálagning fyrir lækkun	1,7	6,2
Sérstakt veiðigjald - lækkun	0,7	1,4
Álagt sérstakt veiðigjald að teknu tilliti til lækkunar	1,0	4,8
Álögð veiðigjöld alls við upphaf fiskveiðiarís	4,1*	9,2

* Staða miðað við árslok 2014. Eftir er að leggja á verulegan hluta veiðigjalda.

10.2 Álagning og innheimta sérstaks gjalds vegna ólögmæts sjávaraflla

	2014	2013	2012
Fjöldi mála á árinu	153	102	111
Fjöldi kæruúrskurða	0	1	1
Mál kærð áfram til Úrskurðarnefndar skv. 6. og 7. gr. laganna	0	1	1
Mál borin undir dómstóla	0	0	1
Heildarálagning kr.	31.388.775	5.105.476	73.564.201
Heildarinnheimta kr.	19.765.318	4.528.044	72.806.222

10.3 Álagning í strandveiðum 2013

Mánuður	Fjöldi álagninga	Heildarupphæð álagninga	Meðal álagning í mánuði (kr)
Mái	237	5.394.369	22.761
Júní	275	6.954.007	25.287
Júlí	359	10.158.754	28.297
Ágúst	221	5.979.221	27.055
Samtals	1092	28.486.351	26.086

11. Starfsmannamál

1. Starfsmannamál

Hinn 31. desember 2014 voru starfsmenn Fiskistofu 67 talsins í 66,3 stöðugildum á 5 starfsstöðvum víðs vegar um landið auk höfuðstöðvanna í Hafnarfirði.

Starfsmannavelta Fiskistofu árið 2014 var 17,9% en starfsmannavelta er skilgreind sem hlutfall þeirra starfsmanna sem hætta störfum á viðkomandi ári af heildarfjölda starfsmanna í árslok. Starfsmannaveltan árið 2014 var því gríðarlega há og skýrist að mestu leyti af fyrirhuguðum flutningi höfuðstöðva stofnunarinnar til Akureyrar og að ekki hefur verið ráðið í þau störf sem hafa losnað vegna óvissunnar.

Eftirtaldir fastráðnir starfsmenn létu af störfum á árinu:


Alexandra Jóhannsdóttir, Arngrímur Jónsson, Brynja Guðný Magnúsdóttir, Erna Valgeirsdóttir, Guðmundur Valur Stefánsson, Hreinn F. Arndal, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, María Jónasdóttir, Mohammadali Mobli, Ólöf G. B. Skúladóttir, Pálmi Rangar Pétursson og Róbert Þorsteinsson.

Helsta auðlind Fiskistofu felst í breiðum hópi starfsmanna sem býr yfir fjölbreyttri menntun, mikilli þekkingu og reynslu (sjá mynd 11.4).

2. Staðreyndir um starfsmenn

Meirihluti starfsmanna Fiskistofu eru karlar eða 70% starfsmanna (sjá mynd 11.1). Í yfirstjórn Fiskistofu eru 4 karlar og 4 konur (sjá mynd 11.2).

11.1 Kynjahlutfall starfsmanna




Meðalaldur starfsmanna Fiskistofu er 51,5 ár. Meðalaldur karla er 53,3 ár og kvenna 49,8 ár. Meðalstarfsaldur starfsmanna Fiskistofu er 10,4 ár. Ef meðalstarfsaldur er skoðaður m.t.t. kynja þá er meðalstarfsaldur karla hjá Fiskistofu 11,7 ár en kvenna 9,1 ár (sjá mynd 11.3).


Starfsmönnum og stöðugildum hefur fækkað mikið hjá Fiskistofu frá árinu 2008 eða úr 80 í 67. Þess ber að geta að á sama tíma hefur Fiskistofa tekið að sér mörg ný verkefni. Þessi aukning verkefna og fækkun starfsmanna hefur verið leyst með því að bæta fleiri verkefnum á þá starfsmenn sem fyrir eru með auknu álagi.



11.2 Kynjahlutfall yfirstjórnenda




11.3 Aldursdreifing starfsmanna eftir kyni



Sjá nánar ýmsar athyglisverðar upplýsingar um starfsmannahóp Fiskistofu og samsetningu hans í vefútgáfu ársskýrslunnar.

11.4 Menntun starfsmanna eftir kyni



¹ Háskólanám til 60 eininga (120 ECTS).

² Aðrar sambærilegar prófgráður s.s. MBA, MPL, LL.M.

³ Menntun á framhaldsskólastigi sbr. verslunarskólapróf, sjúkraliðapróf o.fl.



12. Upplýsingatækni

Rekstrarsvið Fiskistofu sinnir upplýsingatækniþjónustu við Fiskistofu og nokkrar undirstofnanir Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytis, þ.e. við Hafrannsóknastofnun, fyrrum SRA og Sjávarútvegsháskólann. Sviðið vinnur með Landhelgisgæslu við úrlausn verkefna á sviði fjareftirlits og kemur að gagnasöfnun um veiðar í ám og vötnum fyrir Veiðimálastofnun. Í álitum sem Fiskistofa, Matvælastofnun og Rekstrarfélag Stjórnarráðsins sendu frá sér í nóvember 2014 var lagt til að samstarf á sviði upplýsingatækni yrði eft, enda sé það til þess fallið að auka getu stofnananna til að ná markmiðum og auka hagræði. Gera má ráð fyrir að ákvörðun um aðgerðir á grundvelli álitsins liggja fyrir árið 2015.

Skiplagsmál: Í lok árs 2014 var skipuriti Rekstrarsviðs breytt og sviðinu var skipt í fjórar deildir í stað þriggja áður. Deildirnar eru fjármáladeild, hugbúnaðardeild, greiningardeild og kerfisdeild sem jafnframt sinnir upplýsingatækniþjónustu. Í fjármáladeild eru 4 stöðugildi og fimmtán í upplýsingatæknideildum. Áformað er að ráða í fjórar stöður í upplýsingatækni árið 2015.

Innviðir — vélbúnaður: Í desember 2014 var farið í útboð á heildstæðri afritunarlausn og jafnframt var SAN kerfi í vélarsal stækkað á árinu. Netbúnaður var endurnýjaður til að styðja betur við starfsstöðvar Fiskistofu á landsbyggðinni og til að styðja betur við nýtt öryggiskerfi og gestanet í höfuðstöðvum Fiskistofu. Gert er ráð fyrir að nýi búnaðurinn verði settur upp á fyrsta ársfjórðungi 2015. Samhliða er gert ráð fyrir að nýtt öryggiskerfi verði gangsett.

Í undirbúningi er að skoða nýjan fjarfundabúnað til að styðja betur við dreifða starfsemi stofnunarinnar. Tekin hefur verið ákvörðun um að skoða Lync í skýinu fyrir fjarfundabúnað og ef vel gengur mun það kerfi einnig halda utan um símkerfi Fiskistofu. Verkefnið verður gangsett í ársbyrjun 2015 og er gert ráð fyrir að núverandi símkerfi stofnunarinnar verði lagt í framhaldinu.

Rafrænar afladagbækur fiskiskipa: Rafræn afladagbók er aflaskráningakerfi skipstjóra. Fiskistofa dreifði endurbætttri útgáfu af Rafrænni afladagbók á útgerðaraðila. Rafræn afladagbók er útgerðaraðilum að kostnaðarlausu en þeir þurfa sjálfir að standa straum af kostnaði við uppsetningu og rekstur afladagbókarinnar. Utgerðaraðilum var gefið nokkra mánaða svigrúm til þess að flytja sig yfir í nýju útgáfuna en krafa er um mánaðarleg skil aflaupplýsinga til Fiskistofu.

Aflaskráningakerfi Fiskistofu (GAFL): Við löndun vigta löggiltir vigtarmenn afla úr íslenskum fiskiskipum

og skrá niðurstöðurnar í aflaskráningarkerfi Fiskistofu (GAFL). Aflaskráningarkerfið gerir Fiskistofu kleift að halda utan um afla- og aflaheimildastöðu íslenskra fiskiskipa og því er kerfið þungamiðjan í íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu. Gangsett var ný og endurbætt útgáfa af aflaskráningarkerfinu. Gagnasöfnun er með sama hætti en notendaviðmóti var endurgert. Um mikilvægan áfanga var að ræða sökum þess að viðhald á gamla kerfinu var erfitt og rekstrarumhverfið úreitt.

Vigtun og ráðstöfun sjávaraflla: Gangsett var nýtt skráningarkerfi fyrir smærri aðila sem kaupa sjávaraflla. Kerfið notar innskráningarkerfi Þjóðskrár og nýtt umboðsmannakerfi sem opnar fyrir það að fyrirtæki veiti starfsmönnum umboð til samskipta við Fiskistofu fyrir þeirra hönd. Gert er ráð fyrir að verklag við auðkenningu ytri notenda í önnur tölvakerfi sem Fiskistofa veitir aðgang að verði fært í sama horf.

Fjareftirlit með fiskveiðum í lögsögu Íslands: Á Fiskistofu var um mitt ár tekið í notkun nýtt fjareftirlitskerfi með fiskveiðum sem unnið var í samstarfi við Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu Noregs. Í kerfinu er unnt að fylgjast með ferðum og athöfnum fiskiskipa í íslenskri lögsögu og hægt er að skoða aflatilkynningar erlendra fiskiskipa sem eru á veiðum í lögsögunni. Jafnframt er unnið að endurbótum á vöruhúsi gagna til að taka á móti aflatilkynningum fiskiskipa úr fjareftirlitskerfi, en það kerfi er rekið hjá Landhelgisgæslunni.

Rafræn og gagnsæ stjórnsýsla: Áfram var unnið að því að styrkja rafræna og gagnsæja stjórnsýslu með því að fjölga rafrænum verkferlum fyrir umsóknir um ýmis veiðileyfi sem stofnunin gefur út. Jafnframt var búinn til nýr vettvangur fyrir opin gögn og opnað fyrir aðgang að því að sækja og streyma ýmsum upplýsingum sem stofnunin heldur utan um, s.s. stafrænum landupplýsingum um lokanir hafsvæða, bæði á korti og sem kml-straumi.

Á árinu var áfram unnið að endurbótum og uppfærslu á ytri vefjum Fiskistofu og var enskur hluti vefjarins endurnýjaður. Í lok árs var eldri verkáætlunum um uppbyggingu ytri vefjar Fiskistofu að fullu lokið og í framhaldinu farið í heildarmat á hönnun og leiðarkerfi vefjarins og sett fram ný framtíðarsýn fyrir kerfið á grundvelli núverandi virkni. Gert er ráð fyrir að greiningarvinnan nýtist við áframhaldandi þróun ytri vefjarins.

Eftirlit á vettvangi og á skrifstofu: Kerfi til notkunar við eftirlit á vettvangi var endurbætt og áfram stutt við frekari hagnýtingu snjalltækja við störf á vettvangi. Verið er

að endurskoða verkferla í eftirliti á vettvangi og er frekari vinna áformuð á árinu er varðar frekari hagnýtingu upplýsingatækni til að ná betri árangri í eftirliti.

Í upphafi árs var farið af stað með nýtt greiningarverkfæri (Tableau) til að greina gögn og áhættu. Frekari vinna er áformuð á því sviði og er verið að byggja við vörubúsagrunn upplýsingar úr fjareftirlitskerfi fiskveiða.

Verkferlar: Á hugbúnaðardeild er unnið eftir verkferlum sem innleiddir voru í áföngum árið 2012 og 2013. Í lok ársins voru verkferlarnir rýndir og þeir endurbættir til að styðja betur við fagleg viðmið í verkstjórn og öryggismál. Í lok árs var farið af stað með vinnu við að endurskoða eftirfarandi verkferla og er gert ráð fyrir að verkefninu verði lokið á fyrsta ársfjórðungi 2015. Eftirfarandi verkferlar eru í endurskoðun:

- a. Verkstjórnun í hugbúnaðarteymi
- b. Prófanir
- c. Gangsetning hugbúnaðarlausna í rekstrarumhverfi
- d. Viðbúnaður
- e. Innkaup – förgun búnaðar
- f. Samþykkt rafrænna afladagbóka
- g. Utanumhald um veiðigjöld

Fjöldi þjónustubeiðna og verkefna: Skráðar voru 1.290 beiðnir í þjónustubeiðnakerfið á árinu. Af þeim fluttist 91 þjónustubeiðni yfir á nýtt ár, þar af voru 72 í vinnslu og 19 í bið. Svartími þjónustubeiðna er stuttur og er flestum beiðnum lokað innan dags.

Skráð voru 988 innanhússverk í verkbeiðnakerfið á árinu. Þar af 836 hugbúnaðarverk, sum hver hluti af stærra verkefni. Ekki náðist að anna skráðum verk-



beiðnum og færðust 130 beiðnir yfir á nýtt ár. Af þeim verkum sem fluttust yfir á nýtt ár voru 98 hugbúnaðarverk og 28 mál vegna kerfisstjórnunar og reksturs. Alls 1.022 málum var lokað á árinu og 860 var sinnt, eða um 90% umbeðinna hugbúnaðarverkbeiðna. Sum þessara verkefna eru talin upp hér að ofan.

Rekstrartruflanir: Á árinu komu upp 15 mál vegna læsingar í GAFL-kerfi Fiskistofu sem var lagt í lok árs. Skráðar voru 12 neyðarbeiðnir þar af 3 vegna þjónustukerfisins Ugga, 3 vegna ytri vefjar, 1 vegna rekstrartruflana hjá SRA og 2 vegna GAFL-læsingar. Að öðru leyti gekk rekstur áfallalaust.



13. Rekstraryfirlit

Samkvæmt reikningum stofnunarinnar á árinu 2014 námu gjöldin tæplega 870 milljónum króna en rekstrar-tekjur námu 924 milljónum króna.



Sértekjur stofnunarinnar voru rúmar 25 milljónir. Af þeim voru rúmlega 11,7 milljónir styrkir til ýmissa verkefna. Markaðar tekjur voru rúmlega 87,5 milljónir en framlag ríkissjóðs var 757,8 milljónir. Rekstrar-afgangur ársins 2013 sem fluttist á milli ára nam 54,4 milljónum. Afkoma ársins var því jákvæð um tæpar 54,2 milljónir.

Hæsti útgjaldaliður stofnunarinnar eru laun og launa- tengd gjöld, rúmlega 74% af heildarútgöldum stofnun- arinnar. Húsnæðiskostnaður var um 8,4%, ýmis kostn- aður vegna þjónustu, s.s. síma, prentun, póst-, tölvu- og kerfisfræðiþjónustu, rúmlega 7,3%, ferða-, funda- og dvalarkostnaður nam 4,6%. Eignakaup voru 3,1%, en á árinu voru endurnýjaðar tvær bifreiðar, sem og tölvu- búnaður og húsgögn. Rekstrarvörur námu 1,2% eins og rekstur bifreiða.

Rekstraryfirlit 2013 og 2014

Gjöld	2014	2013
Laun og launatengd gj.	644.369.268	666.025.319
Húsnæði	73.293.943	74.737.658
Þjónusta	63.814.419	61.472.145
Akstur ferða og dvalarkostn.	40.167.997	38.336.936
Eignakaup	26.590.573	15.257.785
Rekstrarvörur	10.056.709	10.830.830
Bifreiðar	10.377.136	11.775.809
Vextir, bætur, tilfærslur	937.656	682.595
Samtals gjöld	869.607.701	879.119.077

Tekjur	2014	2013
Sértekjur	25.123.492	40.031.980
Styrkir	11.758.201	
Kostn.hlutd.í sameiginl. þjón.	8.046.842	
Selt fæði	1.681.290	
Símskeyti	2.818.700	
Símakrjúkur	103.329	
Vaxtatekjur	202.130	
Merki á laxfiska	393.000	
Tölvuvinnsla	120.000	
Markaðar tekjur	87.566.073	89.960.257
Veiðileyfi	35.644.000	
Gjald v.eftirlits um borð	24.031.473	
Flutningur á aflamarki	23.269.600	
Eftirlit með fiskeldisstöðvum	3.296.000	
Flutningur á aflahlutdeild	1.325.000	
Framlag ríkissjóðs	811.152.856	803.651.875
Framl.skv.fjárlögum	756.700.000	
Fjáraukalög		
Flutt frá fyrra ári	54.452.856	
Samtals tekjur	923.842.421	933.644.112
Rekstrarafgangur	54.234.720	54.525.035



14. Starfsmenn Fiskistofu 31. desember 2014

Eyþór Björnsson, fiskistofustjóri

Veiðieftirlitssvið

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir, sviðsstjóri

Veiðieftirlit:

Agnar Birkir Helgason

Gunnar Ólafur Alexandersson

Hrannar Már Ásgeirsson

Hrefna Margrét Karlsdóttir

Sævar Guðmundsson, deildarstjóri – austur svæði

Þórhallur Ottesen, deildarstjóri – vestur svæði

Veiðieftirlitsmenn - austur svæði

Árni Dan Ármannsson

Árni Jón Erlendsson

Einar Guðmundsson (launalaust leyfi)

Heimir Sigurður Karlsson

Ólafur Vilhjálmsson

Rúnar Hafberg Jóhannsson

Sigurjón Magnús Skúlason

Veiðieftirlitsmenn – vestur svæði

Birgir Smári Karlsson

Björgvin Guðmundsson

Daníel Þorgeirsson

Eyþór Þórðarson

Hólmgeir Hreggviðsson

Ingólfur Ingólfsson

Ómar Þórsson

Rúnar Jónsson

Sigurpáll Sigurbjörnsson

Valdís Ásgeirsdóttir

Örn Sævar Holm

Vinnsluskipadeild

Guðmundur Jóhannesson, deildarstjóri

Ingibergur Sigurðsson

Lína Hildur Jóhannsdóttir

Pétur Sævarsson

Sigurður Ásgeirsson

Sigurður Dagbjartsson

Veiðiheimildasvið

Hrefna Gísladóttir, sviðsstjóri

Auðunn Ágústsson, deildarstjóri

Anna Þormar

Brynja Guðný Magnúsdóttir

Harpa Rún Glad

Jóhanna Vilhjálmsdóttir

Jón Valgeir Guðmundsson

Lax- og silungsveiðisvið

Guðni Magnús Eiríksson, sviðsstjóri

Sumarliði Óskarsson

Lögfræðisvið

Sigurjón Ingvason, sviðsstjóri

Björn Jónsson

Gísli Páll Oddsson

Rekstrarsvið

Elín Kristjana Sighvatsdóttir, sviðsstjóri

Fjármáladeild

Karítas Margrét Jónsdóttir, deildarstjóri

Erna Valgeirsdóttir

Marín Elísabet Samúelsdóttir

Jódís Lára Gunnarsdóttir

Hugbúnaðardeild

Baldvin Baldvinsson

Björn Darri Sigurðsson

Brynjólfur Þórisson

Hörður Hauksson

Steingrímur Guðjónsson

Kerfisdeild

Gunnar Örvarsson, deildarstjóri

Björn Guðjónsson

Svavar Ottesen Berg

Viktor Þórir Ström

Starfsmanna- og gæðasvið

Inga Þóra Þórisdóttir, sviðsstjóri

Alma Sigurðardóttir

Upplýsingasvið

Þorsteinn Hilmarsson, sviðsstjóri

Gunnar Hallgrímur Sigurðsson

Jón Már Halldórsson

Skýrsludeild

Þórunn Margrét Jónasdóttir, deildarstjóri

Elínbjörg Ingólfssdóttir

Guðbjörg Erla Ingólfssdóttir

Sigurbjörg Guðmundsdóttir